


SHALDOR  
skoðun 12



3 SÉRBLÖÐ  
í Fréttablaðinu  
Fólk  
Fasteignir.is  
Skrifstofan



Íslenskur ís  
Íslenskir vöruhönnuðir  
kynna ís á HönnunarMars  
í samstarfi við bændur á  
Læk.  
FÓLK




# FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

12. mars 2012  
61. tölublað 12. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*



## Safnar mottu

Baldur Ragnarsson,  
gítarleikari, klifrar  
upp topplistann í  
mottukeppninni.

fólk 26

## Hver við sinn keip ...

Guðmundur Andri Thorsson  
skrifar um Landsdóm.

skoðun 13




## United á toppinn

Manchester-liðin höfðu  
sætaskipti í enska boltanum  
um helgina.

sport 20

## veðrið í dag



**HVESSIR Í KVÖLD** Framan af  
degi má búast við fremur hægum,  
breytilegum áttum en síðdegis  
hvekkir, einkum NV- og V-til. Horfur  
á lítilsháttar úrkomu í flestum  
landshlutum, síst suðaustanlands.

VEÐUR 4

## Er svefninn vandamál?

Verðlaunuð náttúruafurð  
úr Bygg- og Hveitigrösnum



Fæst í flestum apótekum og heilsuþúðum



**GLÆSILEGIR TAKTAR** Þau voru mörg glæsitilprifin á Íslandsmótinu í áhaldafimleikum um helgina. Róbert Kristmannsson varð Íslandsmeistari í fjölbraut karla en Thelma Rut Hermannsdóttir, sem hér sést í loftinu, í kvennaflokki.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Allar nýrnagjafir úr lifandi fólki í fyrra

Tíðni nýrnagjafa úr látnu fólki er langlægst hér á landi af norrænu ríkjunum. Alvarleg nýrnabilun hefur aukist mikið á síðustu árum. Afar brýnt að fjölga líffæragjöfum, segir læknir. Tillaga um ætlað samþykki liggur fyrir Alþingi.

**HEILBRIGÐISMÁL** Íslendingar eru langt á eftir öðrum Evrópuþjóðum er varða líffæragjafir úr látnum einstaklingum. Allar nýrnagjafir á síðasta ári voru úr lifandi aðstandendum sjúklinga og er tíðni lifandi gjafa langhæst hér á landi miðað við hin Norðurlöndin. Þar var hlutfall látinna gjafa í öllum tilfellum yfir 60 prósent. Í Finnlandi voru um 95 prósent gjafanýrna úr látnum gjöfum.

Árlegt nýgengi lokastigs nýrnabilunar hefur aukist mikið á síðustu árum hér á landi. Árið 2010 greindust 33 einstaklingar á lokastigi nýrnabilunar, en þeir voru 17 árið 2000.

Runólfur Pálsson, yfirlæknir nýrnalækninga á Landspítalanum, segir afar brýnt að fjölga líffæragjöfum hér á landi.

„Við höfum verið með lægsta

**95** prósent allra gjafanýrna í Finnlandi koma úr látnum nýrnagjöfum.

nýgengi á alvarlegri nýrnabilun sem finnst í heiminum,“ útskýrir Runólfur. Ekki sé orðið ljóst hvers vegna þessi þróun sé, en vitað er að sykursýki er að aukast sem og aðrir „lífsstílstengdir“ sjúkdómar sem finnast meðal Vesturland-þjóða.

Eldra fólk er í meirihluta sjúkingahópsins og langvinnir sjúkdómar eins og sykursýki, háþrýstingur og æðakölkun eru taldir vera meginástæða fyrir því hversu algeng nýrnabilun er orðin.

„Svo hefur nýbúum fjölgað hér á

landi og í ljósi þess að nýrnabilun er tíðari í öðrum löndum getur það haft áhrif,“ segir hann.

Aðalvandamálið er allt of lág gjafatíðni hér á landi og nauðsynlegt er að rannsaka það mál ofan í kjölinn, að mati Runólfs.

Nú liggur fyrir Alþingi þingsályktunartillaga þar sem kveðið er á um að velferðarráðuneytinu verði falin smíði frumvarps sem geri ráð fyrir „ætlðuð samþykki“ við líffæragjafir í stað ætlaðrar neitunar.

Samkvæmt upplýsingum frá ráðuneytinu hefur ekki verið metið hvort eða hvaða áhrif myndu verða af slíkri lagabreytingu.

Frá því ígræðslur nýrna frá lifandi gjöfum hófust á Landspítalanum 2. desember 2003 og til ársloka 2010 voru framkvæmdar 46 ígræðslur.

- sv

## Bjargað úr sjálfheldu: Varð innlyksa á varnargarði

**BJÖRGUN** Björgunarsveitarmenn aðstoðuðu mann við að komast í land í Hafnarfjarðarhöfn í gærkvöldi. Maðurinn var við veiðar á brimvarnargarði en lenti í sjálfheldu þegar flæddi að.

Á vef Landsbjargar segir að vegfarandi hafi hringt í neyðarlínuna og gert viðvart. Ekkert amaði að manningu eftir að hann hafði verið fluttur í land. Hann hafði hvorki áttað sig á hversu fljótt flæddi að, né hversu kröftuglega sjórinn gekk yfir garðinn.

- þj

Apynjur grípa til örþrifaráða:

## Eyða fóstrum fallins leiðtoga

**VÍSINDI** Vísindamenn hafa nú staðfest að kvenkyns bavianar eyða í um 80 prósentum tilvika fóstrum sem getin voru af leiðtoga apahjarðar sem svo hefur verið velt af stalli af sterkari karlapa. Þetta kemur fram í grein í vísindaritinu Science.

Sambærileg hegðun er þekkt meðal nagdýra og bavianar á rannsóknarstofum. Nú hefur verið staðfest að villtir bavianar beita þessari aðferð líka. Apynjurnar vilja eignast unga með nýjum leiðtoga hópsins, auk þess sem líkur eru á að ný leiðtoga drepi unga sem hann á ekki sjálfur.

- þj

## Stór dagur í Landsdómsmáli: Kanónur bera vitni fyrir dómi


**LANDSDÓMUR** Vitnaleiðslur í Landsdómsmálinu halda áfram í Þjóðmenningarhúsinu í dag. Sannkallaðar kanónur munu koma fyrir dóminn.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrrverandi utanríkisráðherra, riður á vaðið klukkan 9. Í kjölfar hennar koma fyrrverandi forsvarsmenn bankanna, þeir Lárus Welding, Sigurður Einarsson, Sigurjón Þ. Arnason, Halldór J. Kristjánsson og Björgólfur Guðmundsson.

- bj / sjá síður 10 og 11

Mannvinir

Rauða krossins  
hjálp börnum í neyð



Hjálpðu núna  
raudikrossinn.is

Rauði kross Íslands

Heimilis  
RIFINN OSTUR



NÝJUNG

370 g

100%  
ÍSLENSKUR OSTUR



## SPURNING DAGSINS



Árni, er þessi hugmynd algjört rusl?

„Já, hún á heima á sorphaugunum.“

Bandaríska sorpeyðingarvirkjartækið Triumvirate vill flytja inn sorp til Íslands og brenna það í Helgúvík. Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtakanna, telur fyrirætlanirnar ólöglegar.



MYRTUR Eldri maður situr hjá líki drengs sem hermaðurinn myrti. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hermaður í Afganistan:

## Myrti nú börn og sjö fullorðna

**AFGANISTAN, AP** Bandarísk stjórnvöld búa sig nú undir mótmæli og hefndaraðgerðir, eftir að bandarískur hermaður skaut sextán óbreytta borgara til bana í suðurhluta Afganistan aðfaranótt sunnudags. Þar af voru níu börn.

Engar skýringar eru á ódæðunum, en samkvæmt AP fréttastöðinni gekk maðurinn út af herstöð sinni að nóttu til og réðst inn á allavega þrjú heimili í nágrenninu og skaut á íbúana.

Hamid Karzai, forseti Afganistan, sendi frá sér harðorða yfirlýsingu í gær, þar sem hann sagði morðin ófyrirgefna. Hann krafðist skýringa frá yfirvöldum í Washington. - hhs

Bílvelta í Fagradal:

## Maðurinn ekki mikið slasaður

**SLYS** Bifreið valt í Fagradal á Austurlandi um tvö leytið í gær. Ökumaður hennar var fluttur á sjúkrahús til aðhlynningar en var þó ekki alvarlega slasaður að sögn lögreglu.

Maðurinn var einn í bílnum og virðist hafa misst stjórn á honum með fyrrgreindum afleiðingum. Vegfarandi tilkynnti lögreglu um slysið en beita þurfti klippum til að losa um manninn. Þær voru þó einungis notaðar til að auðvelda björgunaraðgerðir á vettvangi því maðurinn var ekki fastur í flakinu. - sm

Ef nást á viðtæk sátt um rammaáætlun verður að byggja á skýrslu verkefnisstjórnar að mati Samorku:

# Breið sátt nauðsynleg eigi áætlun að halda

**ORKUMÁL** Engin forsenda er fyrir því að sátt náist um rammaáætlun um verndun og nýtingu vatnsafls og jarðvarma ef ekki verður farið eftir faglegri niðurstöðu verkefnisstjórnar, segir Gústaf Adolf Skúlason, aðstoðarframkvæmdastjóri Samorku, samtaka orku- og veitufyrirtækja.

Gústaf segir nauðsynlegt að ná breiðri sátt um rammaáætlunina eigi hún að vera stefnumótun til lengri tíma frekar en áætlun núverandi ríkisstjórnar.

Eins og Fréttablaðið greindi frá á laugardag veldur rammaáætlun-

in enn deilum innan ríkisstjórnarflokkanna. Meðal annars er deilt um hvort stefnt skuli að því að leyfa virkjanir í neðri hluta Þjórsár eða setja þær í biðflokk.

„Rammaáætlun verður alltaf pólitísk en ef nást á breið sátt um hana er það okkar mat að hún þurfi að byggja á skýrslu verkefnisstjórnarinnar,“ segir Gústaf. „Ef vikið verður langt frá niðurstöðunum verður þetta orðin rammaáætlun núverandi ríkisstjórnar.“

Verði það niðurstaðan er líkegt að þegar ný ríkisstjórn kemst til valda dusti hún rykið af tillögum

verkefnisstjórnarinnar og breyti rammaáætluninni, segir Gústaf. Hann viðurkennir að ekki hafi öll orkufyrirtæki verið sátt við niðurstöður verkefnisstjórnarinnar, en skýrslan hafi verið faglega unnin og Samorka hafi fagnað henni.

Gústaf bendir á að miðað við fréttir úr herbúðum ríkisstjórnarinnar bendi margt til þess að í rammaáætlun verði aðeins þrjár mögulegar vatnsaflsvirkjanir í nýtingarflokki, sem sé miður. Rammaáætlunin gæti því allt eins heitið rammaáætlun um jarðhita-virkjanir. - bj



ÞJÓRSÁ Deilt er um það innan ríkisstjórnarflokkanna hvernig flokka skuli virkjanakosti í Þjórsá. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Vestrænt mataræði eykur líkur á ADHD

Lifðu Lífinu er félag sem boðar heildræna meðhöndlun á einkennum í stað lyfjagjafar fyrir þá sem hafa eða telja sig hafa ADHD, þráhyggju, einhverfu, Asperger, tourette, mótþróaprjóskaðskun og fleiri skyldar raskanir.

**HEILBRIGÐISMÁL** Unglingar á vestrænu mataræði eru tvöfalt líklegri til að greinast með ADHD en unglingar annars staðar að sögn Sigríðar Jónsdóttur ADHD-ráðgjafa.

Sigríður, sem flutti erindi á málþingi um ADHD á laugardaginn, segir að mataræði hafi mikil áhrif á sjúkdóminn. Til dæmis séu mjólkurvörur, sykur og hveiti talin hafa slæm áhrif á ADHD. Að auki dragi mjólkurvörur úr upptöku járn í blóði og geti valdið járnskorti, en fólk með ADHD sé oft viðkvæmt fyrir honum.

Sigríður bendir á að tímaritið Science Daily hafi fjallað um niðurstöður rannsóknar sem bendi til þess að tengsl séu á milli vestræns mataræðis og ADHD. Rannsóknin var gerð af Perth's Telethon Institute for Child Health Research. Mataræði 1.800 unglunga var rannsakað og flokkað í heilsusamlegt mataræði og vestrænt mataræði. Vestrænt mataræði taldist vera skyndibiti, unnin matvara, hreinsaður matur, rautt kjöt, mjólkurvörur, unninn sykur, natríum og aukaefni.

Í rannsókninni reyndust unglingar á vestræna fæðinu tvöfalt líklegri til þess að greinast með ADHD. Fram kom að vestrænt mataræði skorti fólínsýrur, fitusýrur og snefilefni, en þetta séu mikilvæg næringarefni fyrir einbeitingu, geðheilsu og heilastarf-



MATUR Í vestrænum matvælum skortir fólínsýrur, fitusýrur og snefilefni sem eru mikilvæg fyrir einbeitingu, geðheilsu og heilastarfsemi. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

### Vestrænt mataræði

Samkvæmt þeirri skilgreiningu sem notast var við í rannsókn á áhrifum mataræðis á ADHD telst eftirfarandi til vestræns mataræðis:

- Skyndibiti
- Unnin matvara
- Hreinsaður matur
- Rautt kjöt
- Mjólkurvörur
- Unninn sykur
- Natríum

semi. Einnig voru vísbendingar um að vestrænt mataræði innihéldi ekki næg snefilefni fyrir þá heilastarfsemi er tengist athygli og einbeitingu og innihéldi mikið af aukaefnum sem hafa verið tengd við einkenni ADHD. Heilsusamlega fæði sem henti þessu fólki séu ferskir ávextir, grænmeti, fiskur ríkur af omega fitusýrum og korn.

Sigríður segir að fólk sé oft ranglega greint með ADHD þegar það hafi í raun aðra undirliggj-

andi röskun, jafnvel járnskort eða svefnleysi, hins vegar séu vísbendingar um tengsl ADHD, svefnleysis og járnskorts.

Sigríður segir að hjá fólki með raskanir eins og ADHD, einhverfu, tourette og fleiri sé mikilvægt að greina næringarefni í blóði sem séu mikilvæg fyrir fólk með ADHD, járn, D3-vítamín, B12-vítamín og magnesíum. Einnig sé mikilvægt að mæla blóðsykur og kanna starfsemi skjaldkirtilsins. - gs

Frakklandsforseti:

## Hótar úrsögn úr Schengen

**FRAKKLAND, AP** Frakkland gæti sagt sig frá Schengen landmæraeftirlitinu nema til komi harðari aðgerðir til að stemma stigu við straumi ólöglegra innflytjenda á landamærum ESB.

Þetta sagði Nicolas Sarkozy, Frakklandsforseti, á kosningafundi í gær, en þar víðræði hann einnig hugmyndir um átak þar sem neytendur verði hvattir til þess að velja evrópskt í innkaupum sínum.

Sarkozy stendur höllum fæti í kosningabaráttunni fyrir forsetakjöri í vor. Hann hefur mælt með umtalsvert lægra fylgi en François Hollande, frambjóðandi Sósíalístaflakksins. Fyrri umferð kosninganna verður 19. apríl, en sú seinni hinn 6. maí. - þj



NICOLAS SARKOZY

## Kofi Annan hóflega bjartsýnn: Erfiðar viðræður framundan

**SÝRLAND, AP** Ekkert lát varð á átökum milli sýrlenska stjórnarsins og uppreisnarmanna í gær þrátt fyrir að Kofi Annan, sendifulltrúi Sameinuðu þjóðanna og Arababandalagsins í Sýrlandi, væri þar staddur til að ræða ástandið í landinu við Bashar al-Assad forseta.

Óstaðfestar fréttir herma að tugir hafi látið lífið í átökunum um helgina.

Þeir Annan og Assad áttu tvo fundi um helgina, á laugardag og sunnudag, þar sem Annan lagði fram tillögur að friðarsamkomu-lagi. Eftir fund gærdagsins sagði Annan að fram undan væru erfiðar friðarumleitarnir, en hann væri hóflega bjartsýnn og mikilvægt væri að halda í vonina. - gb, hhs

Stjórnlagaráð skilar svörum til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis:

## Frumvarpinu sjálfu ekki breytt

**STJÓRNLAGARÁÐ** „Við erum annars vegar að svara spurningum og rökstyðja okkar sýn á stöku ákvæði sem ábendingar komu fram um, og hins vegar nefndum við valkosti við umdeild ákvæði,“ segir Gísli Tryggvason, einn fulltrúa í stjórnlagaráði, í samtali við Fréttablaðið.

Ráðið lauk störfum í gær eftir fjögurra daga fund þar sem farið var yfir spurningar frá stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis um ákvæði í frumvarpi til stjórnskipunarlaga.

„Við breytum ekki frumvarpinu, en við stingum upp á valkostum við ýmis ákvæði ef Alþingi, sem fer með frumkvæðisvald að stjórnarskrárbreytingum, vill sjá breytingar þar á.“

Gísli nefnir sem dæmi að ráðið undirstriki að málskotsréttur forseta haldist óbreyttur í öllum tilfellum. Þá komi fram í svörum þess að þó Alþingi ákveði að setja inn ákvæði um að minnihluti á þingi fái málskotsrétt, eða að hækka hlutfall kjósenda sem frumvarpið tiltekur til að knýja fram þjóðaratkvæðagreiðslu, muni það ekki raska frumvarpinu eða kalla fram aðrar breytingar á því.

Varðandi framhaldið segir Gísli að sínar væntingar séu að nú verði frumvarpið lagt fyrir þjóðina



Á AUKAFUNDI Stjórnlagaráð kom saman til aukafundar þar sem leitast var við að svara spurningum alþingismanna og skýra ýmis ákvæði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

í ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu meðfram forsetakosningum.

„Þannig fær þjóðin að segja sína skoðun á frumvarpinu í heild sinni áður en Alþingi afgreiðir það endanlega.“ - þj

**1 ÁRS AFMÆLISVIKA** GILDIR Í 24 TÍMA

VIÐ ENDURTÖKUM ÖLL VINSÆLUSTU TILBOÐIN

Hinn vinsæli ostborgari á Metró á aðeins 99 kr. Ótrúlegt verð!

**OSTBORGARI** 99

**99 kr.**  
Verð ~~350 kr.~~  
Afsláttur  
**251 kr. 72%**

Kappakstur í Go-Kart höllinni á aðeins 1.980 kr. (kostar 4.500 kr.). Upphitun, 7 mín. tímataka og 10 mín. kappakstur.

**GO-KARTHÖLLIN**

**1.980 kr.**  
Verð ~~4.500 kr.~~  
Afsláttur  
**2.520 kr. 56%**

**HÓPKAUF**  
hopkaup.is

1 af hverjum 100 fær endurgreitt eitt Hópkaupsbréfi!



1.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir iPhone 3 GS!

3.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir iPhone 4S!

2.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir iPhone 4!

iPhone 3 GS (8 GB)	iPhone 4S (16 GB)	iPhone 4 (8 GB)
<b>69.990 kr. stgr.</b>	<b>149.990 kr. stgr.</b>	<b>99.990 kr. stgr.</b>
4.490 kr. í 18 mán.	8.990 kr. í 18 mán.	6.490 kr. í 18 mán.

**Stærsti skemmtistaður í heimi!**

**NOVA**

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Miðgarði Selfossi og á Glerártorgi Akureyri  
Þjónustuver 519 1919 | [www.nova.is](http://www.nova.is) | [m.nova.is](http://m.nova.is) | Facebook | Twitter

Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkortu + 325 kr./mán. greiðslugjald. Það er ódýrara að staðgreiða og þá þarf ekki kreditkort.

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA	
Bandaríkjadalur	124,94	125,54
Sterlingspund	197,13	198,09
Evra	165,24	166,16
Dönsk króna	22,221	22,351
Norsk króna	22,21	22,34
Sænsk króna	18,573	18,681
Japanskt jen	1,5273	1,5363

SDR 192,65 193,79

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR  
227,1664

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fordæmisgefandi úrskurður um fasteignamat á vatnsréttindum jafnvel til dómstóla:

# Óvissa ríkir um kostnað Landsvirkjunar

**ORKUMÁL** Landsvirkjun segir ekki unnt að segja til um á kostnað fyrirtækisins vegna úrskurðar innanríkisráðuneytisins um að meta skuli vatnsréttindi til fasteignamats á þessu stigi.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í síðustu viku vill Fljótsdalshérað að Þjóðskrár meti vatnsréttindi í Jökulsá á Dal til fasteignamats á næstu tveimur mánuðum í kjölfar úrskurðar innanríkisráðuneytisins sem einmitt lýtur að vatnsréttindum í Jökulsá sem knýr Kárahnjúkavirkjun. Einnig að metin verði vatnsréttindi við Lagarfossvirkjun og Grímsárvirkjun sem sömu-leiðis eru í sveitarfélaginu. Ætlunin er síðan að leggja fasteignagjöld á vatnsréttindin.

Magnús Þór Gylfason, upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar, segir niðurstöðu ráðuneytisins vera þá að skrá skuli í fasteignaskrá vatnsréttindi sem skilin hafa verið frá jörð, og þau metin til verðs.

„Málið er til skoðunar innan Landsvirkjunar, en ekki hefur verið tekin afstaða til þess hvort látið verði reyna á niðurstöðuna fyrir dómstólum. Væntanlega hefur niðurstaðan fordæmisgildi og



**LANDSVIRKJUN** Upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar segir ekki ljóst hvort sveitarfélög leggi skatt á vatnsréttindi þó þau verði tekin til fasteignamats.

hefði því áhrif á mun fleiri aðila en Landsvirkjun,“ bendir Magnús á.

Að svo komnu máli er ekki hægt að segja með vissu hver áhrifin á Landsvirkjun geti orðið verði þetta hin endanlega niðurstaða. „Fasteignamat myndar grunn til álagningar fasteignagjalda en hins vegar liggur ekki fyrir á hvaða grundvelli verðmat á vatnsréttindum færi fram. Þá liggur ekki heldur fyrir hvort sveitarfélög ákveði að leggja skatt á vatnsréttindi í kjölfar niðurstöðu ráðuneytisins um skráningarskyldu þeirra,“ segir Magnús Þór.

- gar

## Samstaða fundar um stefnu: Kynna stefnu og stofna félag

**STJÓRNMÁL** Stofnfundur nýs aðildarfélags stjórnmálaflokksins Samstöðu í Reykjavík verður haldinn í Iðnó í kvöld.

Fram kemur í tilkynningu að fundurinn verði tvískiptur. Fyrst verður kynningarfundur um hugmyndafræði flokksins og stefnu hans í efnahags-, atvinnu-, velferðar- og lýðræðismálum. Því næst verður stofnfundur aðildarfélagsins haldinn. Þar verður kosið í stjórn félagsins og um samþykktir þess. Fyrri hluti fundarins er öllum opin sem vilja kynna sér stefnumál þessa nýja flokks, en stofnfundurinn verður aðeins opin félögum Samstöðu.

- bj

Pak fauk af frystihúsi:

## Lítið um útköll vegna veðurs

**SLYS** Björgunarsveitir voru kallaðar út eftir hádegi í gær þegar þak fauk af frystihúsi í Borgarfirði eystri. Óveðursamt var víða um land um helgina.

Á norðvesturlandi náðu vindar um 25 metrum á sekúndu en við fjöll fóru vindar yfir 40 metra á sekúndu, einkum á norðan- og austanverðu landinu. Björgunarsveitamenn þurftu ekki að sinna mörgum útköllum vegna óveðursins og segja það til marks um að landsmenn taki mark á veðurspám og viðvörðunum og geri viðeigandi ráðstafir.

- sm

### LÖGREGLUMÁL

#### Óbreytt liðan eftir árás

Liðan Skúla Eggerts Sigurðsson, framkvæmdastjóra Lagastofnunar, sem hlaut lífshættulega áverka þegar hann var stunginn ítrekað með hníf fyrir viku er óbreytt. Samkvæmt vakthafandi lækni á gjörgæslu Landspítalans er honum haldið sofandi í öndunarvél.

# Greining sýnir veikleika almannavarna

Ítarlegt áhættumat sýnir að víða er pottur brotinn í almannavarnakerfinu. Vinna þarf stóratæk í áætlanagerð vegna eldgosa og jarðskjálfta. Vel er staðið að áætlunum vegna hópslysa í flugi og snjóflóðavarnir eru þegar í góðum farvegi.

**ÖRYGGISMÁL** Auka þarf viðbúnað í almannavarnakerfinu verulega, er niðurstaða áhættuskoðunar Almannaavarna fyrir landið allt. Vinna er þegar hafin vegna atburða sem taldir eru geta haft í för með sér „mikla eða gífurlega áhættu“ og settar voru í fyrsta forgang í greiningu sem staðið hefur yfir árum saman. Þar má nefna hættumat vegna eldgosa á landinu, viðbragðsáætlun vegna gróðurelda, áætlanagerð og æfingar vegna hópslysa bæði í siglingum og í umferðinni.

Áhættuskoðunin, sem birt var í fyrir helgi, fjallar um þær hættur sem almannavarnir gætu þurft að takast á við í framtíðinni, og unnin með heimamönnum í öllum 15 lögreglumdæmunum með almannavarnanefndum, lögreglustjórnum og fleirum.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í síðustu viku er aðkallandi að vinna aðgerðaáætlanir vegna 200 mismunandi hættuástands sem hér getur skapast. Víðir Reynisson, sérfræðingur hjá Almannaavörnum, segir að viðbragðsáætlanir þyrfti að vinna hratt; að um forgangsverkefni væri að ræða þar sem hættan er mest.

Aðeins er til ein samhæfð viðbragðsáætlun vegna eldgosa en engin slík áætlun er til vegna jarðskjálfta á Íslandi. Stingur verulega í augun að hvorki hættumat né viðbragðsáætlun vegna eldgoss í Vestmannaeyjum er til staðar, en stórtjón varð þar árið 1973, eins og kunnugt er.

Í ritinu, sem er mikið vöxt-



**EYJAFJALLAJÖKULL 2010** Mannheimar eru víða veikir fyrir. Aðeins ein samræmd viðbragðsáætlun er til vegna eldgosa hér á landi; fyrir Kötlu og Eyjafjallajökul.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Áhættuskoðun almannavarna tekur til:

- Hættu má skilgreina sem atburð eða ástand, sem mögulega getur valdið mönnum, heilsu þeirra, lífsviðurværi og eignum tjóni, valdið umhverfinu skaða og/eða truflað verulega efnahag og samfélagið (Sameinuðu Þjóðirnar – UNISDR 2005-2015).
- Hættuástand getur þróast hratt eða haft langan aðdraganda, átt upptök í náttúrunni, verið jarð-, líf-, vatna- og veðurfræðilegs eðlis eða verið af mannavöldum og haft í för með sér umhverfishnignun og/eða alvarleg tækniohöpp.

Áhættuskoðun almannavarna

um, segir meðal annars að útbúa þurfi hópslysaáætlanir í flestum umdæmum bæði á landi og sjó. Er þar vikið sérstaklega að sífellt tíðari komum skemmtiferðaskipa til landsins.

Á móti kemur að viðbúnaður og viðbragð þegar snjóflóðahætta verður í þéttbýli er í „tiltölulega góðum farvegi“. Þar sem áhættan hefur verið skilgreind hafa verið gerðar rýmingaráætlanir fyrir 16 þéttbýlisstaði. Eins er til samhæfðar viðbragðsáætlanir fyrir

flugvelli landsins; þær eru uppfærðar og æfðar reglulega.

Þá er mikilvægt að styrkja verulega viðbúnað og viðbrögð vegna stórfelldra bilana og truflana á helstu innviðum landsins eins og veitum, fjarskiptum, samgöngum og öryggismálum, svo fátt sé nefnt. Eitt eru allir sammála um sem komu að vinnslu skýrslunnar og það er að Almannaavarnir hér á landi búa yfir miklum mannaúði og undirstöðir frekari vinnu eru sterkar.

svavar@frettabladid.is



**KÍNVERSKIR FEÐGAR** Sú stefna kínverskra stjórnvalda að þör megi bara eignast eitt barn yfir undir mansal í Kína.

MYND/AFP

## Áhlaup á mannræningja: Lögreglan frelsaði 24 þúsund konur og börn

**KÍNA, BBC** Árið 2011 frelsaði kínverska lögreglan 8.660 börn og 15.458 konur sem hafði verið rænt. Flestum þeirra var bjargað í áhlaupum lögreglunnar á gengi mannræningja. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu frá ráðuneyti öryggismála í Kína. Þau brottnumdu höfðu flest verið seld til ættleiðinga eða neydd til að stunda vandi.

Sú stefna kínverska stjórnvalda að hver fjölskylda megi einungis eignast eitt barn þykir ýta undir svartamarkaðsviðskipti, þar sem börn ganga kaupum og solum. Þá hefur aukið ferðafrelsi í Kína gert mannræningjum hægara um vik.

- hhs

### SIJÁVARÚTVEGUR

#### Veður hamlar veiðum

Tæplega tugur fiskiskipa biðu þess að veður lægði í varri rétt utan við höfnina í Keflavík seinnipart dags í gær. Eitt skipanna var Árni Friðriksson, rannsóknarskip Hafrannsóknarstofnunar. Að sögn skipstjóra var veður tekið að lægja undir kvöld og útlit fyrir að skipin héldu til veiða fljótlega.

**SIEMENS**

# Tækifæri

**Uppvottavél SN 46M203SK á frábæru verði.**  
13 manna. Sex kerfi. Mjög hljóðlát. Tímastytting þvottakerfa.

**Tækifærisverð: 129.900 kr. stgr.**  
(Fullt verð: 159.900 kr.)

**SMITH & NORLAND**  
Nóatúni 4 · Sími 520 3000  
www.sminor.is

## VEÐURSPÁ

**Soffía Sveinsdóttir**  
veðurfréttamaður

**ENN VETUR** Í dag verður hægur vindur framán af degi en síðan hressir, einkum NV- og V-tíl. Á morgun verður vindur genginn að mestu niður en þó horfur á strekkingsi á annesjun V-tíl. Úrkoman er að mestu bundin við S-, V- og NV-land en úrkomulítið að mestu austantil.

Á MORGUN 5-10 m/s, Hvassara V-tíl.

MÍÐVIKUDAGUR Snýst í NV-átt við N-ströndina.

HEIMURINN	°C
Alicante	19°
Basel	17°
Berlín	9°
Billund	12°
Frankfurt	14°
Friedrichshafen	11°
Gautaborg	10°
Kaupmannahöfn	10°
Las Palmas	21°
London	17°
Mallorca	13°
New York	16°
Orlando	24°
Ósló	9°
París	16°
San Francisco	14°
Stokkhólmur	12°

Vindhraði er í m/s.  
Hitastig eru í °C.  
Gildistími korta er um hádegi.

# Við bjóðum kökur í Netbankanum



EWENM / S&P / NN5142



## Meniga heimilisbókhald er nú hluti af Netbanka Íslandsbanka

Heimilisbókhald Meniga hjálpar þér að öðlast yfirsýn yfir fjármál heimilisins, halda bókhald og finna raunhæfar leiðir til sparnaðar. Nú getur þú með einföldum

hætti séð hvernig þínar kökur líta út. Opnaðu Netbankann og byrjaðu að spara tíma og peninga með aðstoð Meniga. Nú er allt á einum stað í skemmtilegri Netbanka.



Íslandsbanki er fyrsti banki í heiminum sem býður upp á Meniga innbyggt í Netbanka og er stoltur samstarfs- og þróunaraðili Meniga.

Við bjóðum  
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000

  
Íslandsbanki

## KJÖRKASSINN



Fylgist þú með fréttum af Landsdómi?

JÁ 59,8%  
NEI 40,2%

## SPURNING DAGSINS Í DAG:

Er gæludýr á þínu heimili?

Segðu þína skoðun á vísir.is

vísir

Brot á útsölureglum:

## Bóksalar sektaðir um hálf milljón króna

**NEYTENDUR** Neytendastofa hefur lagt 500 þúsunda króna stjórnvaldssekt á rekstraraðila fyrirtækjanna Eymundsson, Krónummar, Nettó, Office 1 og Hagkaups vegna tilboða á bókum, að því er segir á vef Neytendastofu.

Farið var fram á að fyrirtækin sönnuðu að bækur á tilboðsverði fyrir jólfestur hefðu verið seldar á því sem auglýst var fyrra verð. Nettó, Office 1 og Krónummar gátu það ekki. Þótt Hagkaup og Eymundsson hafi getað sýnt fram á að svo hafi verið taldi Neytendastofa tilboð þeirra ekki fela í sér raunverulega verðlækkun. - ibs

PricewaterhouseCoopers:

## Hafna því að hafa brugðist

**VIÐSKIPTI** Endurskoðunarfyrirtækið PricewaterhouseCoopers hafnar því að hafa brugðist starfsskyldum sínum í vinnu fyrir gamla Landsbanka og Glitni.

Slitastjórnir bankanna tveggja hafa stefnt PwC fyrir að hafa fallist á ranga ársreikninga og ársþlutareikninga fyrir hrún.

Í tilkynningu frá PwC segir að endurskoðendur hafi ekki komið að gerð reikningskilla eða ákvarðanatöku bankanna heldur gefið álit á ársreikningum og umsögn um það hvort reikningskil „sem unnin voru af stjórnendum bankanna og lögð fram á ábyrgð þeirra“ hafi verið í samræmi við lög og reglur. - þj

## LÖGREGLUMÁL

### Stöðvaðir fyrir ölvunarakstur

Lögreglan á Akureyri stöðvaði einn mann fyrir ölvunarakstur um helgina. Í Borgarnesi var annar maður stöðvaður fyrir ölvunarakstur.

Umhverfisráðherra skipar starfshóp til að kanna lög og reglur um ljósmengun:

# Myrkurgæðin verða mæld og metin

**UMHVERFISMÁL** Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra hefur skipað starfshóp um myrkurgæði, en hópnun er ætlað að taka saman upplýsingar um þau lög og reglur sem gilda um ljósmengun á Íslandi og víðar.

Hópurinn skal skila tillögum um hugsanlegar úrbætur á þessu sviði til umhverfisráðherra á hausti komanda. Þar verða settar fram tillögur um ákvæði sem taki til ljósmengunar og myrkurgæða í lögum, reglugerðum og samþykktum ríkis og sveitarfélaga. Að auki mun hópurinn gera drög að áætlun um nauðsynlegar rannsóknir á áhrifum ljósmengunar á myrkurgæði helstu þéttbýlissvæða á Íslandi, og hversu langt hún nær út fyrir þéttbýliskjarnana.

Meðal verkefna hópsins er að hafa samráð

við fræðimenn um hver séu heppileg mælanleg markmið um myrkurgæði á ýmsum tegundum þéttbýlissvæða og í dreifbýli. Sömuleiðis mun hópurinn afla vitneskju um ráðstafanir gegn ljósmengun í öðrum ríkjum. Hópurinn mun einnig kanna möguleika á að stofna til samstarfs- vettvangs með aðild sveitarfélaga, fyrirtækja, félagasamtaka og einstaklinga um að hrinda af stað vitundarvakningu í þessum efnum.

Mörður Árnason alþingismaður er formaður hópsins en málið er runnið undan hans rifjum.

- shá

**LJÓS OG SKUGGAR** Fæstir hugsa um ljósmengun í amstri dagsins en nokkuð er til sem heita myrkurgæði.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



# Lifa í stöðugum ótta við ósýnilega hættu

Geislamengun berst enn frá kjarnorkuverinu í Fukushima, þótt hún sé minni en fyrstu dagana eftir náttúruhamfarirnar sem urðu 11. mars á síðasta ári. Íbúum á þessum slóðum er ráðlagt að forðast matvæli úr nágrenninu.

**JAPAN, AP** „Í raun og veru er ekki óhætt að búa hér,“ segir Yoshiko Ota. „En við búum hérna.“

Hún býr í 40 kílómetra fjarlægð frá kjarnorkuverinu í Fukushima, sem eyðilagðist í náttúruhamförnum í Japan fyrir einu ári. Eins og margir aðrir íbúar þar er hún haldin stöðugum ótta.

Hún þorir ekki að hafa gluggana opna. Hún hengir þvottinn sinn aldrei upp utandýra. Og hún leggur hart að dætrum sínum að eignast aldrei börn, af ótta við alvarlega fæðingargalla.

„Talsmaður stjórnvalda segir alltaf að ekki sé hættu á neinum heilsufarsáhrifum í bráð,“ segir Ota, sem er 48 ára starfskona á leikskóla. „En hann talar ekkert um það sem gerist eftir tíu eða tuttugu ár. Hann hlýtur að halda að íbúar Fukushima séu fífl.“

Hún tekur hættuna alvarlega. Hún tekur inn efnaskiptalyf í von um að losna hraðar við áhrif geislunar úr líkamanum. Hún notar ekki kranavatn heldur kaupir vatn á flöskum fyrir 10 þúsund jen á mánuði, eða meira en 15 þúsund krónur. Hún kaupir ekki grænmeti eða ávexti sem ræktaðir eru í nágrenninu heldur hefur töluvert fyrir því að útvega sér þessar vörur annars staðar frá.

Aðrir íbúar í Fukushima taka hættuna að vísu ekki allir jafn alvarlega og hún. En óhugur er í þeim öllum. Sumir eru fluttir burt. Aðrir vita að þeir búa með ósýnilegum óvini.

Enn þann dag í dag berst geislamengun frá kjarnorkuverinu, þótt engin starfsemi sé þar lengur. Sérfræðingar virðast flestir sammála



**MINNIST VINA** Japanskur drengur minnst fórnarlamba jarðskjálftans en alls létust 74 börn í Okawa-barnaskólanum þar sem drengurinn er í skóla. NORDICPHOTOS/AFP

## Fórnarlambanna minnst

Minningarathafnir voru haldnar víða um Japan í gær til að minnst fórnarlamba jarðskjálftans er reið yfir landið þann 11. mars 2011.

Japanir sameinuðust í þögn klukkan 14.46 og minnst þannig fórnarlamba þeirra hamfara er reið yfir landið á þeim tíma fyrir ári síðan. Forseti Japans, Yishihiko Noda, minnti þjóð sína á að gefa ekki upp vonina þó uppbygging hamfarasvæðanna gangi hægar en búist var við.

Skjálftinn sem reið yfir landið árið 2011 var sá sterkasti í sögu landsins og létust alls um 19.000 manns í skjálftanum og flóðinu sem eftir fylgdi. - sm

um að þótt líf fólks sé ekki í bráðri hættu, þá megi búast við að krabbamein eða aðrir sjúkdómar og kvillar skjóti upp kollinum síðar meir.

Fólki er ráðlagt að fara varlega, borða ekki mikið af mat sem framleiddur er í nágrenninu og halda ekki lengi kyrru fyrir á stöðum þar sem hættan þykir meiri en annars staðar, í göturæsum til dæmis eða við lauftré.

Mest er hættan fyrir börnin, en enginn getur gefið ákveðin svör um það hve mikil hún er.

Meira en 280 þúsund manns búa í Fukushima og mikill fjöldi að auki í næstu nágrennabæjum, þar á meðal stór hluti þeirra 100 þúsund manna sem þurftu að yfirgefa heimili sín í næsta nágrenni kjarnorkuversins.

gudsteinn@frettabladid.is

Kostnaður vegna gæludýra:

## Hundar dýrari en mjólkurkúr

**NOREGUR** Norski landbúnaðarráðherrann, Lars Peder Brekk, segir það skjóta skökku við að Norðmenn skuli reiðubúnir að greiða næstum því hvað sem er fyrir gæludýr samtímis því sem þeir krefjast ódýrari matvæla.

Blaðið Aftenposten greinir frá því að í Noregi séu nú 400 til 450 þúsund hundar og að innkaupsverð þeirra nemi 3,5 til 4,2 milljörðum norskra króna. Rúmlega 240 þúsund mjólkurkúr séu í Noregi en innkaupsverð þeirra sé 3,1 til 3,6 milljarðar.

Brekk segir að væri fólk reiðubúið að borga meira fyrir matinn hefði verið mögulegt að þróa framleiðsluna þannig að velferð dýranna ykist. - ibs

Marijúanaræktun í gámi:

## Fimm menn handteknir

**LÖGREGLUMÁL** Fimm menn voru handteknir á Selfossi á laugardag í tengslum við kannabisræktun.

Tveir menn voru handteknir um hálf ellefu á laugardagsmorgun skammt frá Eyrarbakka þegar um 20 grömm af marijúana fundust í bifreið þeirra. Í kjölfar handtökunnar var hútleit gerð í húsi á Eyrarbakka og fundust þar 230 grömm af marijúana og voru tveir menn handteknir til viðbótar.

Rannsókn málsins leiddi lögregluna að ræktun sem fram fór í gámi við sumarhústað í Grímsnesi og var fimmti maðurinn handtekinn þar. Í gámnum fundust um tólf plöntur auk nokkurs magns af marijúana.

Mennirnir hafa allir komið við sögu lögreglu áður en voru ekki undir sérstöku eftirliti hennar. Mennirnir voru yfirheyrðir fram á kvöld og var síðan sleppt og biðna þeir nú dóms og sekta. - sm



viborga@centrum.is

Farðu alla leið með Miele

# Miele fékk fyrstu einkun

Í gæðakönnun Neytendablaðsins 1. tölublaði 2011, fá Miele þvottavélar hæstu einkunn og lenda í fyrsta og öðru sæti. Miele W1714 lendir í fyrsta sæti og Miele W1613 í öðru sæti.

**Miele**

Miele þvottavél W1634 kr. 184.500

Miele þvottavél W1714 kr. 202.500

Miele þurrkari, verð frá kr. 158.400

**EIRVÍK**

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | [www.eirvik.is](http://www.eirvik.is)

Ég þarf að ferðast víða vegna vinnunnar og þá kemur sér vel að hafa öflugt leiðakerfi Icelandair til Evrópu og Bandaríkjanna.

Á hverju ári flýg ég síðan til New York til að hitta vinkonur mínar frá módelárunum í Bandaríkjunum. Það er ómissandi hluti af lífinu að rækta vináttuna við fólk sem maður kynnist og þykir vænt um. Og það er ekki nóg fyrir okkur að senda tölvupóst. Við verðum að hittast.

**Andrea Brabin**  
framkvæmdastjóri



GÓÐIR FARÞEGAR Í 75 ÁR

ICELANDAIR 

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað heitir forseti Landsdóms?
2. Hvaða starfi gegnir Evangelos Venizelos?
3. Hver er nýr forstjóri Framtaks-  
sjóðs Íslands?

## SVÖR

1. Markús Sigurbjörnsson, 2. Hann er  
Ólafur Bjarnason.  
3. Þórunn Magnúsdóttir, forstjóri Framtaks-  
sjóðs Íslands.

Hærra hlutfall í Noregi:

## Erlendir fangar þriðjungur allra

**NOREGUR** Einn af hverjum þremur fögum í Noregi er útlendingur. Þetta er tvöföldun frá árinu 2006, samkvæmt nýrri rannsókn.

Hlutfall útlendinga er hærra í norskum fangelsum en í sænskum og dönskum. Norskir sérfræðingar skýra þetta með því að Noregur sé ríkt land og því meira aðlaðandi fyrir erlenda glæpamenn. Þá vilja einhverjir meina að hlutfallið sé afleiðing góðrar vinnu hjá lögreglunni.

Professorar við Stokkhólms-háskóla eru þó ósammála þessum skýringum og benda á að hlutfall útlendinga almennt sé hærra í bæði Svíþjóð og Danmörku en Noregi. - þeb

Ríkisendurskoðun:

## Verklagsreglur má festa í sessi

**STJÓRNSÝSLA** Utanríkisráðuneytið fylgir föstu verklagi við eftirlit með samningum sem þaf hefur gert við aðila utan ríkisins. Hins vegar þarf ráðuneytið að skjalfesta verklagsreglur vegna samningamála, samræma ákvæði samninga og tengja greiðslur við markmið, frammistöðu eða framvindu verkefna.

Þetta er niðurstaða Ríkisendurskoðunar sem fjallað hefur um ellefu samninga utanríkisráðuneytisins og undirstofnunar þess, Þróunarsamvinnustofnunar Íslands. Áætlað er að kostnaður vegna þeirra hafi numið um 643 milljónum króna á síðasta ári. - shá

### ÞJÓÐKIRKJAN

#### Biskupskjör hafið

Kjörgögn vegna biskupskjörs voru send til kjósenda fyrir helgi. Kosningin stendur til 19. mars en atkvæði verða talin þann 23. Átta eru í framboði.

Jákvæðar undirtektir hjá borginni vegna breytinga á 136 ára húsi í Fischersundi:

## „Norska bakaríð“ má verða gistihús

**SKIPULAGSMÁL** Byggingafultrúi hefur heimilað að notkun íbúðarhússins í Fischersundi 3 verði breytt þannig að þar verði gistihús. Um er að ræða timburbyggingu sem reist var árið 1876 og nefnt er norska bakaríð.

Að því er segir í umsögn skipulagsstjóra er norska bakaríð á verndarsvæði eins og allt Grjótaþorpið. Vegna aldurs síns sé Fischersund 3 háð þjóðminjalögum um allar breytingar og við þær þurfi að sýna sérstaka aðgát.

Húsafríðunarnefnd gerir sömu leiðis ekki athugasemd fyrir sitt

leyti við breytta notkun gamla hússins „enda verði allar áætlanir og uppdættir sendir nefndinni til umsagnar um leið og það liggur fyrir“, segir í umsögn nefndarinnar.

Fischersund 3 er í eigu Sólveigar Eggertsdóttur, eiginkonu Práins Bertelssonar, kvikmyndaleikstjóra, rithöfundar og liðsmanns þingflokks Vinstri grænna. Í byggingunni eru einnig skrifstofur í eigu Sögufélagsins. Íbúðarhluti Sólveigar hefur verið til sölu um nokkra hríð. Það var Sigfríður Þorsteinsdóttir, sem rekur gistiheim-



**FISCHERSUND 3** Hefur verið heimili hjónanna Sólveigar Eggertsdóttur og Práins Bertelssonar um árabíl en gæti nú orðið gistihús. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ili á Lokastíg, sem óskaði eftir viðhorfi borgaryfirvalda til breytingarinnar. - gar

Kapólska kirkjan á Englandi:

## Dregið úr vægi hjónabandsins

**ENGLAND** Í sunnudagsmessum víðs vegar um England í gær var fólk hvatt til að standa vörð um „sannan tilgang“ hjónabandsins. Þannig undirstrikaði kapólska kirkjan andstöðu sína við áform breskra stjórnvalda um að lögleiða hjónabönd samkynhneigðra.

Í bréfi, sem ritað var af erkebiskupnum Nichols og Smith, og lesið var í 2.500 sóknarkirkjum víðs vegar um Bretland í gær, var fullyrft að breytingarnar myndu óhjákvæmilega verða til þess að draga úr vægi hjónabandsins. - hhs

# Níu af hverjum tíu hafa nú aðgang að hreinu vatni

Þúsaldarmarkmið SP um aðgengi að hreinu vatni hefur náðst. Enn skortir hreinlætisaðstöðu fyrir tvo og hálfan milljarð jarðarbúa. Sýnir að þúsaldarmarkmiðin voru ekki draumur segir framkvæmdastjóri SP.

**VELFERÐARMÁL** Meira en tveir milljarðar manna hafa fengið aðgang að hreinu drykkjarvatni frá árinu 1990, sem þýðir að þúsaldarmarkmiði Sameinuðu þjóðanna um aðgengi að hreinu vatni hefur náðst.

Frá þessum áfanga var greint á þriðjudag þegar Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) kynntu skýrslu um framfarir á sviði vatns og hreinlætis. Bætt aðgengi að drykkjarhæfu vatni þýðir meðal annars að vatnið er í lokuðum leiðslum eða vel birgðum brunnum svo óhreinindi og sýkingar komast ekki í það.

Árangurinn er viðurkenning fyrir þá sem sjá þúsaldarmarkmiðin ekki eingöngu sem draum heldur sem mikilvægt skref til að bæta heilsu og líf fólks, segir Ban Ki-moon aðalritari SP í formála skýrslunnar. Hann sagði jafnframt í tilefni af útgáfu skýrslunnar að fagna bæri þessum stór-áfangi, en þetta er eitt af fyrstu markmiðunum sem nást.

Skýrslan sýnir þó einnig að verkinu er ekki lokið því ellefu prósent jarðarbúa, eða 783 milljónir manna, hafa ekki aðgang að hreinu vatni.

Sá hluti þúsaldarmarkmiðsins sem snýr að hreinlætismálum er ekki í eins góðum farvegi. Markmiðið var að lækka hlutfall þeirra sem ekki hafa aðgang að viðunandi hreinlætisaðstöðu um helming fyrir árið 2015. 63 prósent jarðarbúa hafa aðgang að klósettum eða annarri aðstöðu sem heldur fólki úr snertingu við úrgang, en hlutfallið ætti að vera orðið 75 prósent eftir þrjú ár. Bætt hefur verið úr aðstöðu hjá 1,8 milljarði manna á síðustu tuttugu árum en enn skortir rúman milljarð manna aðgang að hreinlætisaðstöðu.

„Þetta eru sérstaklega góðar fréttir fyrir börn. Á hverjum degi láta yfir þrjú þúsund börn lífið af völdum niðurgangspesta“, sagði Anthony Lake, framkvæmdastjóri UNICEF, við útgáfu skýrslunnar. Stefán Ingi Stefánsson, framkvæmdastjóri stofnunarinnar hér á landi, tekur í sama streng og segir tíðindin sýna að hægt sé að ná árangri. „Með samhentun átaki og einbeittum vilja getum við tryggt öllum börnum hreint vatn og viðunandi hreinlætisaðstöðu.“ thorunn@frettabladid.is



**VATNIÐ MIKILVÆGT** Hreint vatn getur skipt sköpum, ekki síst fyrir börn, en yfir þrjú þúsund börn deyja af völdum niðurgangspesta á hverjum degi. NORDICPHOTOS/APP

### Mannsæmandi framtíð fyrir alla

Þúsaldaryfirlýsing Sameinuðu þjóðanna var gerð í september 2000, í upphafi nýs áhrpunnars. Átta markmið voru skilgreind, sem eiga að stuðla að mannsæmandi og sjálfbærri framtíð fyrir alla íbúa heims. Mælanlegur árangur á að nást fyrir árið 2015 og voru því sett fram undirmarkmið.

#### Markmiðin átta eru:

1. Eyða fátækt og hungri
2. Tryggja að öll börn njóti grunnskólamenntunar
3. Vinna að jafnrétti kynjanna og styrkja frumkvæðisrétt kvenna
4. Lækka dánartíðni barna
5. Vinna að bættu heilsufari kvenna
6. Berjast gegn alnæmi, malaríu og öðrum sjúkdómum sem ógna mannkyni
7. Vinna að sjálfbærri þróun
8. Styrkja hnattræna samvinnu um þróun.

### Hver er staðan?

98 ríki hafa þegar uppfyllt skilyrði um aðgang að hreinu vatni og 45 til viðbótar munu að óbreyttu ná því fyrir árið 2015.

36 ríki eru ekki nálægt því að uppfylla markmiðið. Tvö af hverjum þremur þeirra eru í Afríku, sunnan Sahara. Vandinn er mikill þar, en á svæðinu eru 40 prósent allra þeirra sem ekki hafa aðgang að hreinu vatni.

**MOTTU MARS**  
Gegen Krebsbakterien • Köstlich

„Bara að drífa sig. Ef þú finnur einhver einkenni, ekki hika við að leita til læknis.“

Safnaðu mottu og áheitum á [www.mottumars.is](http://www.mottumars.is)

Arion banki | vodafone | WOW

Milljarðamæringum hefur fjölgað:

## Slim enn auðugastur

**BANDARÍKIN, AP** Mexíkóski fjar-skriptajöfurinn Carlos Slim Helu telst vera ríkasti maður heims, þriðja árið í röð, samkvæmt lista viðskiptatímaritsins Forbes.

Alls er hann talin eiga 69 milljarða dala, en sú fjárhæð samsvarar 8.600 milljörðum króna eða ríflega fimmfaldri landsframleiðslu Íslandinga.

Bandaríkjamennirnir Bill Gates og Warren Buffet eru í öðru og þriðja sæti listans, Gates með 61 milljarð dala og Buffet með 44 milljarða.

Alls eru það 1.226 einstaklingar sem að mati Forbes-tímaritið eiga meira en milljarð dala og komast því í hóp milljarðamæringa samkvæmt þeirri skilgreiningu. Þeim hefur fjölgað nokkuð frá síðasta ári.

Flestir þeirra eru bandarískir, eða 425, en alls er milljarðamæringa að finna í 58 löndum heims.



**CARLOS SLIM HELU** Ríkastur allra þriðja árið í röð. NORDICPHOTOS/APP


Næst á eftir Bandaríkjunum eru þeir flestir í Kína, þar sem þeir eru 96, og Rússlandi, þar sem þeir eru 95. - gb



# Safnaðu þekkingu

Fjölbreytt námskeið á næstunni

Skráningarfrestur er að öllu jöfnu viku áður en námskeið hefst



## MENNING

Leiðarvísir að Sturlungu  
skráningarfrestur til 13. mars

Istanbúl og Tyrkland  
hefst 19. mars

Áhrif umhverfis á líðan fólks  
skráningarfrestur til 19. mars

Jazzbíó: Billie Holliday og Chet Baker  
hefst 21. mars

Frá Oddaverjum til Engeyinga – Ættir, auður og völd  
skráningarfrestur til 4. apríl

Forsaga Íslands  
skráningarfrestur til 10. apríl

Á ferð um Íslendingasagnaslóðir með Magnúsi Jónssyni  
skráningarfrestur til 11. apríl

Skáldsaga sett á leiksvið: Svar við bréfi Helgu  
skráningarfrestur til 10. apríl

Framhjágang Þórbergs Þórðarsonar 1912  
-merkasta gönga íslenskra bókmennta hundrað ára  
skráningarfrestur til 11. apríl

## PERSÓNULEG HÆFNI

Töfrar raddarinnar – námskeið í raddbeitingu og framsögn  
hefst 13. mars

Vönduð íslenska: Að skrifa gott íslenskt mál  
hefst 14. mars

Vorverkin í garðinum – almenn umhirða og viðhald  
skráningarfrestur til 19. mars

Er mygla meinsemd fyrir menn?  
skráningarfrestur til 21. mars

Fáðu krydd í tilveruna: Námskeið um ræktun kryddjurta  
skráningarfrestur til 22. mars

Úr neista í nýja bók - framhaldsnámskeið  
skráningarfrestur til 10. apríl

Trjárækt á sumarhúsalóðum  
skráningarfrestur til 11. apríl

Mynd er minning: Myndaalbúm og miðlun stafræna ljósmynda  
skráningarfrestur til 11. apríl

## HEILBRIGÐIS- OG FÉLAGSSVIÐ

Chronic pain, chronic illness  
hefst 23. mars

HypnoBirthing®  
Teaching women and their birth companions  
the way to a more comfortable birthing  
skráningarfrestur til 27. mars

## LÖGFRÆÐI

Lagaenska (e. Legal English)  
skráningarfrestur til 9. apríl

## STJÓRNUN OG FORYSTA

Samtalstækni – viðkvæm starfsmannamál  
skráningarfrestur til 14. mars

Starfsmannasamtöl og frammistöðumat  
hefst 20. mars

Faglegar ráðningaraðferðir  
skráningarfrestur til 13. apríl

Viðbrögð stjórnenda og samfylgd í kjölfar  
áfalla í starfsmannahópum  
skráningarfrestur til 4. apríl

Stjórnun og leiðtogahæfni  
skráningarfrestur til 9. apríl

Hlutverk og ábyrgð stjórnarmanna í félögum  
skráningarfrestur til 16. apríl

## FJÁRMÁL OG REKSTUR

Gerð þjónustusamninga – aukin hagræðing í rekstri  
haldið 19. mars

Fjárhagsupplýsingakerfi  
skráningarfrestur til 4. apríl

Skattlagning úttekta úr atvinnurekstri  
skráningarfrestur til 11. apríl

## STARFSTENGD HÆFNI

Facebook sem markaðstæki - fyrir lengra komna  
skráningarfrestur til 19. mars

Innri úttektir fyrir stofnanir og fyrirtæki  
skráningarfrestur til 20. mars

Prívíddarhönnun í Sketchup – fyrir lengra komna  
skráningarfrestur til 11. apríl

Sölu- og ráðgjafanámskeið. Inniskór eru ekki málið  
skráningarfrestur til 17. apríl

## UPPELDI OG KENNSLA

Leiðir til að fyrirbyggja erfiða hegðun  
og efla félagsfærni ungra barna  
hefst 15. mars

Punglyndi ungmenna – einkenni og viðbrögð  
skráningarfrestur til 23. mars

## VERK- OG TÆKNIFRÆÐI, ARKITEKTÚR OG UMHVÆFI

Evrópski timburstaðallinn EN 1995  
skráningarfrestur til 22. mars

## UPPLÝSINGATÆKNI

Windows Communication Foundation (WCF)  
skráningarfrestur til 26. mars

Framhaldsnámskeið í gagnasafnsfræði og SQL  
skráningarfrestur til 3. apríl

Geir H. Haarde fyrir Landsdómi - eftir fyrstu viku



# Ólíklegt að framburður vitna ráði einn niðurstöðunni fyrir Landsdómi

Túlkun á því hvort málf lutningur vitna fyrir Landsdómi í síðustu viku styðji ákærur á hendur Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, vill skiptast í tvö horn eftir persónulegri afstöðu manna. Margir telja þó að málf lutningur í byrjun síðustu viku, þegar embættismenn báru vitni, hafi fremur stutt málstað Geirs, meðan aðeins hafi hallað á hann síðar í vikunni.

Vitnaleiðslur fyrir Landsdómi vegna ákæru á hendur Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, eru langt komnar. Geir ber sjálfur af sér allar sakir, en torráðnara er að leggja mat á hvort vitnisburður annarra sé honum í hag, eða hvort þær styðji ákæruliðina fjóra. Þá má velja því fyrir sér hversu þungt málf lutningur fyrir Landsdómi komi til með að vega þegar upp er staðið. Lögmenn sem leitað hefur verið til segja vitnaleiðslurnar væntanlega miða að því að skýra einstök atriði, en líklegast verði dómur á endanum byggður á skriflegum gögnum sem liggja fyrir í miklum mæli.

Þá virðist sem afstaða manna til vægis málf lutnings vitna í tengslum við ákæruatriði ráðist oft

af pólitík og í þeim efnum skiptist fólk í tvö horn.

Á eftir Geir báru vitni Davíð Oddsson, fyrrum formaður bankastjórnar Seðlabankans, Arnór Sigvatsson, fyrrverandi aðalhaf fræðingur bankans og Björgvin G. Sigurðsson, fyrrverandi efnahags- og viðskiptaráðherra.

„Ég er ekki hér til að bera neina sök á fyrrverandi forsætisráðherra. Mér kemur það ekki til hugar og get ekki hugsað mér það,“ sagði Davíð fyrir Landsdómi. Almennt er talið að fyrstu vitnisburðirnir fyrir dómi hafi stutt þann málf lutning að Geir hafi gert það sem hægt var í stöðunni og við landsstjórnina, en regluverk og aðstæður hér heima sem og erlendis gert að verkum að ekkert hafi verið hægt að gera til að bjarga bönkunum frá hruni.

Þannig tók Björgvin G. Sigurðsson undir með Geir að unnið hafi verið eins hratt og mögulegt var að því að flytja Icesave-reikningana í dótturfélög, en þar hafi helsti þröskuldurinn verið breska fjármálaeftirlitið sem sífellt hafi sett strangari skilyrði fyrir slíkri breytingu. Þá taldi hann, líkt og Geir, að samráðshópurinn um fjármálastöðugleika hafi gert allt sem honum hafi borið að gera.

Þá kom fram í máli Arnórs að eftir á að hyggja hafi síðasti möguleikinn til að bjarga íslensku bönkunum runnið stórvöldum úr greipum árið 2005. „Lausafjárkreppa er eins og hjartaáföll en eiginfjár-



DÓMARAR, LÖGMENN OG SAKBORNINGUR Fáir treysta sér til þess að velja vöngum yfir því hvernig framburður vitna fyrir Landsdómi í síðustu viku komi út fyrir Geir H. Haarde, fyrrum forsætisráðherra. Jafnvel eru aðrir þættir en framburðurinn taldir vega þyngra þegar kemur að dómi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

kreppa eins og krabbamein. Það sást þegar í ljós kom að þarna var dauðvona krabbameinssjúklingur að fá hjartaáfall,“ sagði hann um hrún bankanna haustið 2008.

**Björgvin var ekki kallaður til**

Af þeim sem fyrst báru vitni á eftir Geir H. Haarde sjálfum má helst

finna hluti sem kynnu að styðja ákæruatriði á hendur honum í orðum Davíðs Oddssonar. Þrátt fyrir að Davíð hafi áréttað að Geir hafi ekki átt möguleika á að koma í veg fyrir bankahrunið þá fannst honum Geir ekki taka nægilegt mark á orðum hans í aðdraganda hrunsins. Áhyggjur af stöðu bankanna hafi hann reglulega látið í ljós við bæði samstarfsmenn sína í Seðlabankanum og við Geir sjálfan reglulega allt frá miðju ári 2007.

Upplýsingar hafi verið veittar á lokuðum fundum og þær hafi verið of viðkvæmar til að geta ratað í opinber gögn frá Seðlabankanum. Þá sagðist Davíð telja að Geir hefði ekkert getað gert til að liðka fyrir flutningi Icesave-reikninganna í erlend dótturfélög. Það hefði þess utan verið á verksviði Björgvins G. Sigurðssonar, ráðherra bankamála.

Mögulega kann því að vera að skortur á því að Geir sæi til þess að viðvaranir seðlabankastjórnans um bága stöðu bankakerfisins rötudu inn á borð ráðherrafunda, eða jafnvel beint inn á borð Björgvins G. Sigurðssonar bankamálaráðherra varði við fjórða lið ákærunna á hendur Geir.

Fyrir dómi bar hins vegar Björgvin sjálfur að hann teldi sig ekki á nokkurn hátt hafa verið leyndan upplýsingum í aðdraganda hrunsins.

Fram hefur hins vegar komið að Björgvin var ekki kallaður til funda í Seðlabankanum helgina sem ríkið ákvað að taka yfir 75

## Ákæruliðirnir

Ákæran gegn Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, er í fjórum liðum. Hann er ákærður fyrir að:

1. Hafa vanrækt að gæta þess að störf og áherslur samráðshóps stjórnvalda um fjármála-stöðugleika og viðbúnað væru markvissar og árangursríkar.
2. Hafa vanrækt að hafa frumkvæði að virkum aðgerðum af hálfu ríkisvaldsins til að draga úr stærð íslenska bankakerfisins.
3. Hafa ekki fylgt því eftir og fullvissað sig um að unnið væri með virkum hætti að flutningi Icesave-reikninga Landsbankans í Bretlandi yfir í dótturfélag.
4. Hafa látið farast fyrir að halda ráðherrafundi um mikilvæg stjórnarmálefni líkt og beri að gera samkvæmt 17. grein stjórnarskrár lýðveldisins.

prósenta hlut í Glitni í lok september 2009. Jón Þór Sturluson var fenginn til fundarins í hans stað. Fyrir Landsdómi sagði Björgvin við Andra Árnason, verjanda Geirs, að hann hefði gert athugasemd varðandi þetta við Geir og Ingibjörgu eftir þá helgi.

Á miðvikudag bar svo Áslaug Árnadóttir, sem var ráðuneytisstjóri í viðskiptaráðuneytinu frá september 2007 fram á mitt ár 2008, að ekki hafi skort á pólitíska stefnumörkun í samráðs-



Í LANDSDÓMI SÍÐASTA ÞRIÐJUDAG Þótt Davíð Oddsson, fyrrverandi seðlabankastjóri, hafi ekki sagst ætla að bera sök á forsætisráðherra fyrir Landsdómi, kom fram hjá honum að hann teldi aðvörunarorðum sínum ekki hafa verið gefinn nægilegur gamur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

STJÓRNVÍSI  
Félag um framsækna stjórnun

# Á morgun

13. mars kl. 16.00 til 18.00.

## STJÓRNUNARVERÐLAUN STJÓRNVÍSI 2012

Í tilefni afhendingar Stjórnunarverðlauna Stjórnvísir 2012 á morgun, hinn 13. mars, býður Stjórnvísir til hátíðarmóttöku í Turninum í Kópavogi kl. 16.00 til 18.00.

Hr. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands.

Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir, framkvæmdastjóri eignastýringar Landsbankans.

Páll Harðarson, forstjóri NASDAQ OMX Iceland.

**YFIRSKRIFT ERINDA**

### MIKILVÆGI FJÁRFESTINGA VIÐ ENDURREISN ATVINNULÍFSINS

Hversu langt er fjárhagsleg endurskipulagning fyrirtækja komin?

Sigríður Þrúður Stefánsdóttir, sérfræðingur á mannauðssviði Marel.

Orri Hauksson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins. Ekki eftir neinu að biða.

Dr. Ásta Bjarnadóttir, ráðgjafi hjá Capacent, gerir grein fyrir vali dómnefndar á stjórnendum ársins 2012.

**DAGSKRÁ**

Setning hátíðar: Jón G. Hauksson, ritstjóri Frjálsrar verslunar og formaður Stjórnvísir.

Ráðstefnustjóri: Sigríður Þrúður Stefánsdóttir, sérfræðingur á mannauðssviði Marel.

Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir, framkvæmdastjóri eignastýringar Landsbankans: Hvaða umhverfi viljum við skapa fjárfestum?

Páll Harðarson, forstjóri NASDAQ OMX Iceland: Við mótum framtíðina.

Orri Hauksson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins: Ekki eftir neinu að biða.

Dr. Ásta Bjarnadóttir, ráðgjafi hjá Capacent, gerir grein fyrir vali dómnefndar á stjórnendum ársins 2012.

Hr. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, afhendir verðlaunin og flytur stutt ávarp.

Félagsmenn Stjórnvísir eru sérstaklega boðnir velkomnir ásamt öllu fag- og áhugafólki um stjórnun.

**Ókeypis aðgangur.**



hópnum um fjármálastöðugleika, en í honum átti hún sæti. Deginum áður talaði Davíð Oddsson á aðra leið fyrir dómnum. Áslaug taldi jafnframt að allar upplýsingar úr hópnum hefðu skilað sér til viðskiptaráðherra.

#### Lítið gert segja bankamenn

Hvað varðar ákæru um að Geir hafi vanrækt að hafa frumkvæði að virkum aðgerðum til að draga úr stærð bankakerfisins, hvort þar undir falli að hafa ekki gætt þess að Fjármálaeftirlitið (FME) hefði burði til þess að veita bönkunum aðhald, kom fram, bæði í máli Jóns Sigurðssonar, fyrrum stjórnarformanns FME á miðvikudegi og Jónasar Fr. Jónssonar, fyrrum forstjóra FME, á fimmtudeginum, að eftirlitið hafi verið allt of veikburða fyrir hrún.

Á miðvikudag kom hins vegar fram í máli Ingimundar Friðrikssonar, fyrrverandi seðlabankastjóra, að ógerlegt hefði verið að flytja bankana úr landi eða minnka kerfið með eignasölu þegar komið var fram á árið 2008.

Í máli Jóns Þórs Sturlusonar, fyrrum aðstoðarmanns Björgvins G. Sigurðssonar, á fimmtudag kom líka fram að eftir fund ráðherra með Davíð Oddssyni í febrúar 2008 hefði Jóni og Bolla Þór Bollasyni, ráðuneytisstjóra Geirs, verið falið að safna tillögum sem gætu verið viðbragð við válegum tímindum á fjármáلامarkaði. Jón Þór hafi lagt til að koma mætti í veg fyrir sveiflur með því að heimila bönkunum að færa bókhald og uppgjör í erlendum gjaldmiðlum. Þá hafi í bankakreppu Svía árið 1992 yfirlýsing þeirra um inngöngu í Evrópusambandið ein og sér haft jákvæð áhrif á stöðu landsins. Fyrir liggur að hér á landi gripu stjórnvöld ekki til neinna slíkra ráða fyrir hrún. En hvort heimfæra má það aðgerðaleyfi upp á ákæruatriði á hendur Geir Haarde er svo annað mál.

Hvað varðar ákæru um að Geir hafi ekki beitt sér til að láta ríkisvaldið hafa uppi aðgerðir til að draga úr stærð bankakerfisins er ljóst að framburður Hreiðars Más Sigurðssonar, fyrrum forstjóra Kaupþings, og Þorsteins Más Baldvinssonar, fyrrum stjórnarformanns Glitnis, á fimmtudag styðja þann ákæruátt. Báðir bera að stjórnvöld hafi engan þrýsting haft uppi um að bankarnir seldu eignir eða minnkuðu efnahagsreikninga sína.

Þá kom raunar fram í máli Hreiðars að neyðarlögin hafi stuðlað að falli bankans, sem hann taldi að væri kominn fyrir vind, því að með mismunun þeirra á innlendum og erlendum kröfuhöfum hafi enginn viljað eiga viðskipti við Kaupþing. Má velta fyrir sér hvernig sú afleiðing rímar við það hvort Geir hafi gætt þess að störf og áherslur samráðshóps stjórnvalda væru markvissar og árangursríkar.

Vitnisburður Tryggva Þórs Herbertssonar, fyrrum efnahagsráðgjafa ríkisstjórnarinnar, á föstudag gengur þó í aðra átt en forsvarsmanna Kaupþings og Glitnis hvað varðar viðleitni stjórnvalda. Hann lýsti áætlunum um stórfelldar sameiningar banka og tilflutning á starfsemi sem uppi voru í ágúst 2008. Spurningin er þó hvort þær áætlanir hafi verið nógu snemma á ferðinni.

Vitnaleiðslum á að ljúka á morgun, þriðjudag, en í dag eiga að bera vitni Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrrverandi utanríkisráðherra, Lárus Welding, fyrrverandi forstjóri Glitnis, Sigurður Einarsson, fyrrverandi stjórnarformaður Kaupþings, Sigurjón Þ. Arnason og Halldór J. Kristjánsson, fyrrverandi bankastjórnar Landsbankans, og Björgólfur Guðmundsson, fyrrverandi stjórnarformaður Landsbankans.

## Landsdómur brýtur á rétti brotapolá til þess að fá upplýsingar

„Útilokað er að taka afstöðu til þess sem fram hefur komið fyrir Landsdómi,“ segir Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður.

„Með því að útiloka bæði útvarp og síðar menn frá því að fá endurrit af því sem gerðist í dómsalnum þá getum við sem fyrir utan stöndum ekkert tjáð okkur um þetta mál,“ segir Ragnar. Jafnútilokað segir hann að tjá sig um dóminn í málinu án þess að hafa aðgang að vitnaleiðslunum fyrir Landsdómi. „Ef halda á fólki frá vitnaleiðslunum og annað hvort ekki vélrita þær upp eða læsa þær inni þá er þetta brot bæði á tjáningarfrelsi almennings og brot á rétti fólks til að fá upplýsingar,“ auk þess sem Ragnar segir um að ræða

brot á rétti fólks til þess að fylgjast með störfum dómstóla. „Svo gleyma menn því að brotapolá í þessu máli eru nánast hver einasti maður í landinu. Þeir eiga rétt á því að fá ákveðna stöðu og endurrit og þar fram eftir götum. En Landsdómur ætlar að sniðganga öll þessi réttindi borgaranna og hafa þetta fyrir valinn hóp.“

Ragnar undrast einnig þær áherslur sem dómurinn hefur. „Allt gengur þetta út á, eins og oft hjá íslenskum dómstólum, að standast tímaplön. Það er eins og engu máli skipti hvað þurfi að gera. Tímaplönin skipti öllu máli.“



RAGNAR AÐALSTEINSSON

Ragnar segir að hvergi í heiminum annars staðar en á Íslandi yrðu áherslur dómstóla í jafnstóru máli með viðlíka hætti.

„Svo finnst mér líka mjög sérkennilegt að sjá dómaraupstillinguna,“ segir Ragnar og bendir á að dómara í Landsdómi sitji í tveimur röðum. „Það er eins og um sé að ræða fyrsta flokks dómara og annars flokks dómara fyrir aftan.“

Ragnar segist hafa gert eina tilraun til að fara niður í Þjóðmenningarhúsið til að fylgjast með störfum Landsdóms, en hafi ekki komist inn. - óká



2012

Iðning Samtaka iðnaðarins verður haldið í Íþrótt- og sýningarhöllinni Laugardal fimmtudaginn 15. mars.

Á þinginu verður fjallað um efnahagssumhverfið, gjaldmiðlavandann og tækifæri í iðnaði til framtíðar.

Dagskrá hefst kl. 13.00 og lýkur kl. 16.00.



**Helgi Magnússon**  
Ávarp formanns SI



**Orri Hauksson**  
Framkvæmdastjóri SI  
stýrir pallborði



**Oddný G. Harðardóttir**  
Ávarp iðnaðarráðherra



Fundarstjóri:  
**Guðrún Hafsteinsdóttir**  
Markaðsstjóri Kjöriss



**Jón Daníelsson**  
Prófessor við London School  
of Economics



**Rannveig Rist**  
Forstjóri Alcan á Íslandi



**Sigsteinn P. Grétarsson**  
Aðstoðarforstjóri Marelis

Við stöndum þétt saman

Reistu í verki viljans merki,  
- vilji er allt sem þarf

Þingið er opið og aðgangur ókeypis.

Skráning á [www.si.is](http://www.si.is)

Bein leið, gatan liggur greið

Þú getur miklu betur en þú hefur gert  
Hver er sinnar gæfu smiður

Horfðu á björtu hliðarnar

Vandamál eru til þess að leysa þau



Samtök iðnaðarins



Þjóðin gæti þurft að taka af skarið um framhald aðildarviðræðna við Evrópusambandið:

## Höggvið á hnút?

Umræðan um aðildarviðræður Íslands og Evrópusambandsins er einkennileg og ber þess merki að flestir flokkar eru klofnir í afstöðu sinni til ESB. Ólík afstaða til aðildarviðræðanna veldur augljóslega vaxandi núningi innan ríkisstjórnarinnar, þrátt fyrir að skýrt sé kveðið á um aðildarumsóknina í stjórnarsáttmálanum.

Í sameiginlegri grein Steingríms J. Sigfússonar formanns Vinstri grænna og Jóhanna Sigurðardóttur formanns Samfylkingarinnar hér í blaðinu á dögum voru viðræðurnar allt í einu ekki aðildarviðræður lengur, heldur var „verið að kanna til fullnustu kosti og galla [ESB-]aðildar.“ Þetta er auðvitað bull sem hefur farið inn í greinina til að spara Steingrími leiðindi innan VG. Ríki sem fer í aðildarviðræður við ESB gerir það ekki til að kanna kosti og galla aðildar heldur með það að markmiði að verða aðildarríki. Þegar

### SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen  
olafur@frettabladid.is



stjórnvöld hafa náð þeim bezta samningi, sem þau telja sig geta fengið, leggja þau hann í dóm kjósenda. Þeir meta kosti hans og galla og greiða atkvæði um hann samkvæmt því.

Sérkennilegt útspil kom frá Ögmundi Jónassyni innanríkisráðherra á dögum. Hann sem

var alltaf svo ánægður með Jón Bjarnason, sem tafði fyrir aðildarviðræðunum með öllum tiltækum ráðum, telur nú afar mikilvægt að flýta þeim og klára fyrir næstu þingkosningar.

Það er arfavitlaus stefna að lýsa yfir að Íslandi liggi á að klára aðildarsamning og veikir samningsstöðuna. En Ögmundi, eins og mörgum öðrum í VG, finnst líklega bezta að fá málið frá sem fyrst og hefur litlar áhyggjur af því þótt samningurinn verði lélegur.

Afstaðan til ESB klýfur líka stjórnarandstöðuflokkana. Í formanni Sjálfstæðisflokksins sjálfum kemur sá klofningur skýrt í ljós; hann talar nú fyrir því að hætta aðildarviðræðunum og halda krónunni. Fyrir síðustu kosningar taldi hann að erfitt yrði að búa við krónuna til langframa og að Ísland ætti að sækja um aðild að ESB og þjóðin að greiða atkvæði um aðildarsamning. „[S]amningur við ESB er hinn endanlegi úrskurður um þær reglur og undanþágur sem gilda eiga við inngöngu Íslands í ESB,“ var skoðun Bjarna Benediktssonar í desember 2008.

Allur þessi vandræðagangur vinnur augljóslega gegn því að Ísland nái sem beztum samningi við ESB, þar sem sérstöðu og hagsmuna þjóðarinnar er gætt til hin ýtrasta. Eins og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, orðaði það í grein hér í blaðinu í síðustu viku, hefur samninganefnd Íslands ekki það pólitíska bakland sem þarf til að fylgja umsóknarferlinu eftir. Ríkisstjórnin er tvístruð og stjórnarandstaðan sömuleiðis.

Þorgerður bendir á það augljósa, að aðildarviðræðurnar geta orðið meiriháttar ásteytingarsteinn í stjórnarmyndunarviðræðum eftir kosningar, nánast burtséð frá því hvers konar stjórn verður reynt að mynda. Og getur stjórnarmyndun þó orðið nógu flókin ef flokkum fjölgar til muna á þingi eins og ýmislegt bendir til.

Skynsamlegasta leiðin í málinu getur því orðið sú sem Þorgerður bendir á; að þjóðin höggvi sjálf á hnútinn og greiði um það atkvæði samhliða þingkosningum hvort halda eigi aðildarviðræðunum áfram eður ei. Þá er umboð samningamannanna skýrt og hið pólitíska bakland vonandi heillegra en ella.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

**Lyfjaskömmun kemur reglu á lyfjatökuna**

SUÐURLANDSBRAUT 22  
SÍMI 533 6100  
LYFJAVER.IS

Opíð mán.-fös 8.30-18 og lau 10-14

APÓTEK + LYFJASKÖMMUN

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Skuldavandi og fylgið

Skuldavandi heimilanna hefur legið þungt á ríkisstjórninni, þrátt fyrir að margt hafi verið gert í þeim málum og ýmislegt bendi til þess að vandinn sé ekki stærri nú en hann var fyrir blesað „góðærið“ og fasteignabóluna sem því fylgdi. Ágætur hljóm-grunnur hefur þó verið fyrir því að leggja meira af fjármunum ríkis, lífeyrissjóða og fjármálafyrirtækja í verkefnið og er skemmst að minnst þess að Samstaða Lilju Mósesdóttur og félagamældist með fimmtungsfylgi í síðustu könnun Fréttablaðsins, nær eingöngu með skuldamáli í forgrunni.



#### Miðin og markhóparnir

Þessi mið verða eflaust gjöful í komandi þingkosningabaráttu. Jóhanna Sigurðardóttir, forsætisráðherra og formaður Samfylkingar, boðaði sókn í þá átt í ræðu sinni á flokksstjórnarfundum flokksins um helgina. Þar sagði hún í ræðu að í huga hennar væru „málefnaleg rök“ til þess að dreifa „kostnaði heimilanna vegna hrunsins“ með sanngjarnari hætti. Það er spurning hverjir komi til með að bita á það agn, þeir sem þurfa að taka á sig meiri kostnað

til að dreifa byrðunum, eða þeir sem hafa setið undir sínum klyfjum frá hruni án þess að sjá þær mótvægis- aðgerðir sem þau hafa beðið eftir, frá stjórn Jóhannu.

#### Feginn forseti

Vangaveltur vegna forsetakosninga eru að magnast dag frá degi þar sem hver kanóan af annarri er orðuð við húsbóndasætið á Bessastöðum. Sem betur fer, gætu ýmsir sagt, þar á meðal sitjandi forseti sem sagði nýlega að enginn yrði glaðari en hann ef fram kæmu öflugir frambjóðendur nýrra kynslóða til forsetaembættisins. thorgils@frettabladid.is



### HALLDÓR



## Rökvís rödd Samtaka lánþega

### Fjármál



Guðmundur Andri Skúlason  
talsmaður Samtaka lánþega

Í aðdragandi setningar svokallaðra Árna Páls laga, voru gerð mörg mistök og afdrifarík. Við viljum gera ráð fyrir að menn hafi þar viljað gera vel. Það bara tókst ekki. Tjón varð verulegt hjá mörgum einstaklingum og fyrirtækjum. Sumir fóru í þrot og aðrir flúðu.

Nú stöndum við í svipuðum sporum og í lok árs 2010. Óvissa er um túlkun á eftirstöðvum lána og greiðslubyrði þeirra. Sama óvissa er því einnig um framtíð lánþega og fjármálafyrirtækja.

Okkur ber skylda til að eyða þeirri óvissu og jafnframt að koma í veg fyrir að sömu mistök verði gerð og þau er leiddu til setningar Árna Páls laganna.

Þau mistök fólust fyrst og síðast í því að ekki var tekið tillit til sjónarmiða lánþega og rökfastra lagaraka þeirra.

Á fundum með efnahags- og viðskiptanefnd að undanfögnu, höfum við ítrekað þá skoðun okkar að unnið verði út frá þeirri stöðu sem við blasir og horft til framtíðar. Við höfum ítrekað þann vilja okkar að við fáum fulltrúa á fundum Samstarfshóps um eftirfylgni og áhrif gengislanadóms Hæstaréttar. Við höfum jafnframt bent á þann vilja okkar að koma að viðræðum við Samtök fjármálafyrirtækja um aðgerðir

Við viljum forðast klúður og við viljum forðast réttindabrot á lánþegum. Við viljum tryggja að rödd okkar heyrst við borðið ...

og framhald í málaferlum, til að tryggja svör.

Við teljum að málefnaleg og rökræn afstaða Samtaka lánþega til álitamála sem eru hér til umræðu sé nauðsynlegt innlegg í þá umræðu sem framundan er. Við viljum forðast klúður og við viljum forðast réttindabrot á lánþegum. Við viljum tryggja að rödd okkar heyrst við borðið og að við fáum þá jafnframt tækifæri til að heyrja ómengaða afstöðu stjórnvalda og fjármálafyrirtækja. Aðeins þannig geta allir tekið upplýsta ákvörðun um aðgerðir.

Það er eiginlega kominn tími til að hlustað sé á rödd Samtaka lánþega. Sú rödd hefur hingað til haft rétt fyrir sér um álitamálin og túlkað niðurstöður af rökvísi.

# Hver við sinn keip ...

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson  
ríthöfundur



Þá er fyrri vikan búin af þessum sjóprófum og við höfum fengið að heyra í skipstjóranum og nokkrum öðrum af áhöfninni sem sigldi Þjóðarskútunni í strand.

Eigi maður að taka vitnin trúanleg mætti ætla að aldrei í veraldarsöggunni hafi einni skútu verið siglt í strand á jafn vandaðan og óaðfínanlegan hátt. Allir stóðu sína vakt með sníld. Allir gerðu allt rétt. Og það sem þeir létu ógert var algerlega og gersamlega ógerlegt að gera. Það sem hefði þurft að gera gat enginn gert því að það heyrði ekki undir viðkomandi.

Aldrei að víkja, aldrei að viðurkenna neitt; maður á að sitja fastur við sinn keip. Það er íslenski máttinn.

## Eins og maður með nýja græju

Skipstjórinn stóð sig einstaklega vel við að snerta ekki stýrið sem hann mátti ekki undir nokkrum kringumstæðum koma við, líta aldrei á sjókortin sem hann hafði engar heimildir til að skoða og hlusta á engar veðurfregnir enda beinlínis hlutverk hans að láta þær sem vind um eyru þjóta. Ráðuneytistjórar og aðrir kerfismenn lokuðu augum af óbrigðulli smekkvísi; bankamenn stýrðu fleyinu fulla ferð inn í ólgujóninn af óaðfínanlegri ratvísi. Íslenskum karlmönnum vefst ekki tunga um tönn. Við höfum séð þá koma hvern af öðrum fyrir dómarrann með allt á hreinu.

Auðvitað var þetta ekki svona og við vitum það öll, meira að segja kannski þeir. Getur hugsast að sjálf hin lagalega nálgun á uppgjör Hrunsins geri það að verkum að öllum þarna virðist fyrirmunuð að að tala um þetta eins og fólk og horfast í augu við eigin gerðir, eigin vanhæfni?

Þegar íslenskir ráðamenn leystu úr læðingi frjálst markaðskerfi voru þeir fákunnandi og óundir-

búnir enda vanir gamla fyrirgreiðslu- og kunningjasamfélaginu þar sem gæðum var útteilt til valinna gæðinga. Þeir voru eins og maður sem þarf allt í einu að stýra glányrri vél sem hann kann ekkert á en heldur að hann geti fundið út úr hvernig virkar og er eitthvað að fuma við á meðan hún stýrir áfram yfir allt. Það eina sem íslenskir ráðamenn hafa til þessa kunnað fyrir sér í landstjórn og efnahagsmálum – fyrir utan fyrirgreiðsluna til kunningja og laga-krókagerð – er að fella gengi krónunnar, skerða kjör almennings. Þegar það úrræði var ekki lengur fyrir hendi í þessu nýja og fullkomna hagkerfi litu þeir svo á að þeir væru með sjálfstýringuna á, hölluðu sér aftur í sætinu og dáðuust að öllu. Þegar þeir máttu svo fara að fella gengið á ný eftir Hrun voru þeir loksins farnir að kannast við sig aftur – búnir að ná vopnum sínum.

Þeir mæta þarna hver af öðrum í Landsdóm (sem á köflum virkar á mann eins og Landsfundur) og hver situr við sinn keip með sam-anbitnar varir. Það er engu líkara

en að þeir hafi allir verið geymdir einhvers staðar í frysti frá árinu 2008.

## Gamli kennarinn

Nema þegar Davíð kom; þá rann upp Davíðsöld. Hann mætti þarna með svarta tösku sem virtist geyma öll leyndarmálin, settist svo við sinn keip – og sat við sinn keip. Hann hvessti augun, svona eins og hann gerir, og allir urðu allt í einu svolítið eins og tólf ára bekkur sem fær gamla kennarann sinn í heimsókn. Gömlu kennaraleikjurnar bráðna eins og forðum, skríkja af gleði og spyrja gamla harðstjórnann hvort það hafi ekki verið erfitt að hafa vitað allt, getað allt, séð allt og skilið allt án þess að fá að ráða öllu en gömlu tossarnir fussa nett stressaðir yfir því að fá hann kannski aftur sem umsjónarkennara og keppast við að segja hver öðrum á Facebook að brandarinn hans hafi ekki verið neitt fyndinn. (Læt brandarinn sjálfan liggja á milli hluta, en það var óneitanlega kænlegt hjá Davíð að gera einmitt gys að Björgólfsfeðgum, „sínun mönnum“ og ná

þannig að fjarlægja sig frá þeim.)

Og svo framvegis. Fyrri lotan er sem sagt búin og ríkjandi tilfinning sú að ekkert hafi verið hægt að gera til að afstýra Hruninu. Eiginlega er engu líkara en að gamla íslenska forlagahyggjan hafi heltekið alla; ég gerði ekkert rangt heldur var það skráð í forlögina að svona skyldi fara, er eiginlega viðkvæðið. „Forlög koma ofan að,“ orti Páll Vídalín, en þá gleymist stundum framhaldið: „örlög kringum sveima / álögín úr ýmsum stað / en ölog fæðast heima.“

Ölog fæðast nefnilega heima. Við hverju bjóst fólk af þessari samkomu? Sannleikanum? Játningum? Einlægni? Uppgjöri? Hreinsun?

Þess var ekki að vænta. Ekki frá þessu fólk – ekki frá áhöfninni á Rosanum – og ekki í þessari sjóprófa-sítúasjón. Þessi samkoma hefur ekki síst leitt í ljós hversu lögfræðin er takmörkuð þegar kemur að því að gera upp Hrunið. Eða eins og Hamlet sagði (næstum því): Það er til fleira á himni og jörðu, Hóras, en lögfræðina þína dreymir um.

## Brjóstkirur

Trúmál

Örn Bárður Jónsson  
sóknarprestur í Neskirkju



og vonsviknu fólk sem búið er að missa trúna á land og þjóð? Ráðaleysi okkar og tafir á viðunandi lausnum á vanda fólks er mikið alvörumál.

Sagan sýnir að brjóstkirur vaknar í okkur öllum þegar áföll verða. Þegar snjóflóðin á Vestfirjörðum dundu yfir hringdu klukkur í brjóstkirur okkar allra. Flest fólk hefur mjög sterka samkennd með þeim sem líða og standa höllum fæti. Í þekktum sjómannaálm segir „þegar hendir sorg við sjóinn, syrgir, tregar þjóðin öll“.

Við erum ein þjóð í einu litlu landi. Hvernig getum við leyst úr málum okkar sem ein fjölskylda?

Sjúkrahússprestur tjáði mér að í hans starfi verði hann var við núturlegar aðstæður ungs fólks sem á sjúk börn eða berst sjálf til erfða sjúkdóma því sumt af þessu fólk er svo hræðilega fátækt, segir hann.

Hvernig getum við látið slíkt viðgangast í landi sem er jafn gjöfult og raun ber vitni?

Gleðilegar fréttir heyrði ég nýlega af því hvernig margt fólk kemst út úr viðjum atvinnuleysis. Minnihluti þess fær störf í gegnum opinberar skrifstofur. Flest störf verða til fyrir tilstilli vina, kunningja og skyldmenna. Nánd og umhyggja skapa ný störf.

Er ekki kominn tími til að hringja klukkum í brjóstkirjunum og vekja okkur öll upp til góðra verka?

Í líknarþjónustu við deyjandi fólk á sjúkrahúsum skiptir einna mestu máli hlý nærvera og vinátta. Orð og mælgí skipta þar minna máli. Hlýjan og vináttan lækna og eflir ónæmiskerfið, segja lækna. Hvernig getum við læknað þjóðina, læknað hvert annað? Við getum það með elsku, með hlýrri nærveru, með nýrri samræðuhéð sem er laus við sakbendingar og dómsýki en stefnir þess í stað að sátt og friði í samfélaginu.

Látum nú klukkurnar hringja í brjóstkirur okkar og hefjumst handa við endurreisn samfélagsins. Við getum læknað Ísland og reist það upp á ný.

## Eru þér boðin ódýru Lyfís lyfin í apótekinu þínu?

Markmið LYFIS er að bjóða lágsta lyfjaverð á Íslandi og hefur tilkoma lyfja fyrirtækisins aukið verulega samkeppni og leitt til mikilla verðlækkana í viðkomandi lyfjaflokkum. LYFIS lyfin eru framleidd hjá þekktustu og öflugustu lyfjaframleiðendum heims, m.a. TEVA – RATIOPHARM – KRKA – MEDIS – BLUEFISH – FARMAPLUS, sem allir hafa hlotið lof og viðurkenningu fyrir mikil gæði og örugga framleiðslu. LYFIS hefur markaðssett fjölda samheitalyfja og margir tugir lyfja eru á leiðinni. Eru þér boðin ódýru LYFIS lyfin í apótekinu þínu?

Verðlagseftirlit ASÍ – 14. júní 2006 – „Allt að 68% verðmunur á lyfjum“ Neytendum bent á að vera vakandi fyrir ódýrari samheitalyfjum.

Hefur ekkert breyst frá 2006? – [www.asi.is](http://www.asi.is)

## Stöndum saman – lækkum lyfjaverð!

LYFIS  
Traust í lyfjum

Grensásvegi 22 | 108 Reykjavík | Sími 534 3500

MEDIS BLUEFISH PHARMACEUTICALS F+ FarmaPlus AS  
ratiopharm TEVA KRKA

# KYNNNTU ÞÉR TILBOÐIN OKKAR!

VIÐ ERUM Á TVEIMUR STÖÐUM:

KLETTHÁLSI 11 og EIRHÖFÐA (Bílakjarninn)

525 8000  
[www.bilaland.is](http://www.bilaland.is)

**bilaland**



**ÞÓRBERGUR ÞÓRÐARSON** rithöfundur (1888 - 1974) fæddist þennan dag. „Sá sem veitir mannkyninu fegurð er mikill velgjörðarmaður þess. Sá sem veitir því speki er meiri velgjörðarmaður þess. Sá sem veitir því hlátur er mesti velgjörðarmaður þess.“



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Guðmundur Guðmundsson**

frá Núpi, Eyjafjöllum,

lést 7. mars á Kirkjuholi. Útförin fer fram frá Ásólfsskálakirkju laugardaginn 17. mars kl. 14.00.

Ásta Sveinbjarnardóttir

Anna Sigríður Guðmundsdóttir

Guðmundur Guðmundsson

Guðbjörg Birna Guðmundsdóttir

barnabörn og langafabarn.

Sveinn Ívarsson

Berglind Hilmarsdóttir

Björn Eysteinnsson



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Anna Jónína**

**Þórarinsdóttir**

Bólstaðarhlíð 26, Reykjavík,

andaðist á Landspítalanum í Fossvogi mánudaginn 5. mars. Útförin fer fram frá Háteigskirkju þriðjudaginn 13. mars kl. 15.00.

Jóhannes Guðmundsson

Jóhanna Matthea Jóhannesdóttir

Guðmundur Jóhannesson

Þórarinn Jóhannesson

Óskar Jóhannesson

Jóhannes Ágústsson

barnabörn og barnabarnabörn.

Árni Sigurðsson

Greta Jóna Sigurðardóttir

Anna Blöndal

Sigrún Ingólfssdóttir



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Anna Guðrún**

**Sigurðardóttir**

Sólvöllum 9, Selfossi,

áður Langholtsvegi 106 Reykjavík, verður jarðsungen þriðjudaginn 13. mars kl. 13.00 frá Langholtskirkju.

Sæunn Þorsteinsdóttir

Sigurður Þorsteinsson

María Þorsteinsdóttir

Elin Þorsteinsdóttir

Björk Þorsteinsdóttir

ömmubörn, langömmu-, langalangömmubörn og aðrir aðstandendur.

Ólafur Ólafsson

Sigurbjörg Rögnvaldsdóttir

Sverrir Vilbergsson

Einar Í. Eiríksson



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma.

**Gerður Kristín**

**Karlsdóttir**

lést á hjúkrunarheimili Hrafnistu, Boðabíngi í Kópavogi mánudaginn 5. mars í faðmi fjölskyldunar. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 14. mars kl. 13.00. Við færum starfsfólki hjúkrunarheimilis Hrafnistu í Boðabíngi sérstakar þakkir fyrir frábæra umönnun og alúð.

Sveinn G. Guðmundsson

Karl B. Sveinsson

Elsa R. Sveinsdóttir

Kristján Þórðarson

og barnabarn

Alfreð Ragnar Ragnarsson

Kristján Sigurður Þórðarson

**PETTA GERÐIST: 12. MARS 1965**

## Fyrsta plata Hljóma gefin út

Keflvíska rokkhljómveitin Hljómar gaf út sína fyrstu plötu 12. mars 1965. Meðal laga á plötunni voru „Fyrsti kossinn“ og „Bláu augun þín“ eftir Gunnar Þórðarson. Hljómveitin var stofnuð árið 1963 og starfaði í sex ár. Hljómar voru ein vinsælasta hljómveit Íslands á ofanverðri 20. öld og með

henni hófst bitlameningin fyrir alvöru á Íslandi. Hljómar slógu fyrst í gegn á landsvísi eftir tónleika í Háskólabíói 4. mars 1964. Sveitin hélt sína síðustu tónleika í hinum sögufræga Cavern-klúbba í Liverpool í júní árið 2008. Húsfyllir var á tónleikunum, um 500 manns.



GEFANDI TÓNLISTARTÍMI Valgerður Jónsdóttir rekur eina tónlistarskóla landsins þar sem nemendur með sérþarfir njóta forgangs.

VALGERÐUR JÓNSDÓTTIR: FYRST MEÐ DOKTORSPRÓF Í MÚSÍKÞERAPÍU:

# TÓNRAEN UMÖNNUN VEITIR TILFINNINGUNUM ÚTRÁS

„Of fá úrræði eru til sem hafa það að markmiði að huga beint að foreldrunum sjálfum og því var rannsókn af þessum toga tímabær,“ segir Valgerður Jónsdóttir, sem lauk í nóvember síðastliðnum, fyrst Íslendinga, doktorsprófi í músíkþerapíu frá Álaborgarháskóla í Danmörku.

Niðurstöður rannsóknarinnar styðja þá hugmynd að viðfangsefni tónrænnar umönnunar efla samhygd, geri þátttakendur meðvitaðri um eigin líðan og tilfinningar og auðveldi og dýpki tjáningu þeirra með því að veita þeim útrás á tónrænan hátt. Viðfangsefni rannsóknarinnar var meðal annars byggt á 20 ára starfsreynslu Valgerðar sem músíkþerapista og tónlistarsérkennara.

Valgerður stofnaði Tónstofu Valgerðar sem hefur verið stafrækt síðan 1987, það er eini tónlistarskól-

inn á landinu þar sem nemendur með sérþarfir njóta forgangs. Hún segir starfseminna hafa þróast í skrefum samhliða aukinni reynslu og áhuga á tónlist og hún starfi með fólki á öllum aldri. Þá hefur hún kynnst forráðamönnum skjólstaðinga sinna og fengið innsýn inn í líf þeirra.

Það varð kveikjan að rannsókn hennar, sem nefndist á íslensku „Tónræn umönnun“, sem sjö mæður tóku þátt í. Talið var nauðsynlegt að þátttakendur sjálfir fengju að tjá sig um reynslu sína og taka þátt í að þróa Tónræna umönnun svo hún fengi sem best þjónað tilgangi sínum.

Valgerður hefur starfað með einstaklingum á öllum aldri sem glímt hafa við ólíkar fatlanir og sjúkdóma. Þeir hafa átt það sameiginlegt að hafa nýtt sér áhrifamátt tónlistar og þau tengsl sem myndast í tónlistar-

reynslunni til að efla færni og bæta líðan.

Músíkþerapía er skipulögð notkun tóna, hljóða og hreyfinga sem beitt er til að auka vellíðan eða endurnýja, viðhalda og þróa andlega og líkamlega heilsu og/eða getu. Hún opnar nýjar leiðir og eykur þá möguleika sem fyrir hendi eru, hvort heldur henni er beitt sjálfstætt, sem hjálpartæki, eða í teymi.

„Tónlist er öflugur miðill sem fylgir okkur í gegnum lífið frá því við erum í móðurkviði. Hún nærir okkur á svo marga vegu,“ segir Valgerður. Nóg var að gera hjá henni og hennar beið áhugasamur nemandi þegar bládamaður náði tali af henni. Í ár eru sjötíu nemendur skráðir við skólann og ásamt Valgerði starfar þar músíkþerapistinn og tónlistarkennarinn Jóna Þórsdóttir.

-obb

Elskulegur eiginmaður minn, bróðir, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Ármann Jóhannsson**

fyrirverandi rafvirkjameistari,

til heimilis að Hólalandi 6 á Stöðvarfirði, lést á Landspítalanum að kvöldi 8. mars. Útför hans verður frá Stöðvarfjarðarkirkju þann 17. mars klukkan 14.00.

Jóhanna Sólmundsdóttir og aðstandendur.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.

## Ungmenni ferðast á slóðir íslensku landnemanna

„Ógleymanleg upplifun og sterk vináttubönd,“ er samdóma álit íslenskra ungmenna sem dvalið hafa hjá fjölskyldum af íslenskum ættum í Kanada og Bandaríkjunum. Þetta segir Ásta Sól Kristjánsdóttir, verkefnastjóri Snorraverkefna.

Í sumar gefst ungum Íslendingum á aldrinum 18 til 28 ára tækifæri til fjögurra vikna menningar- og ævintýraferðar um slóðir íslensku landnemanna í Vesturheimi. Flogið verður til Minneapolis 9. júlí og ferðin endar á Íslendingadeginum í Gimli.

Snorri West verkefnið hefur verið virkt frá árinu 2001 og í ár gengur það út á það að þátttakendum gefst tækifæri til að ferðast um Íslendingaslóðir í Minnesota og Norður-Dakóta í Bandaríkjunum.

Verkefnið er skipulagt af Þjóðræknisfélagi Íslendinga í Vesturheimi, Íslendingadeginum í Gimli, Snorra-sjóði og Íslendingafélögunum í fyrrnefndum ríkjum.

Þátttökugjald er 2.200 Kanadadollarar og er þá allt innifalið. Umsóknarfrestur er til 15. mars og hægt er að nálgast umsóknareyðublöð á slóðinni www.snorri.is, þar sem einnig má finna nánari upplýsingar.

-obb

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

## GEZE

### Fyrirtæki - Húsfélög

Við bjóðum upp á sjálfvirkan hurða - opnunarbúnað ásamt uppsetningu og viðhaldi.

Auðveldar aðgengi, hentar vel fyrir aðgengi fatlaðra. Áratuga reynsla af búnaði tryggir gæðin.



### JARN&GLER

Járn & Gler ehf. - Skútuvegur 1h. Barkarvogsmegin - 104 Reykjavík  
S: 58 58 900-www.jarngler.is



#### ÍS ÚR GRJÓNUM

Ísinn kemur í sneiðum en átta sneiðar mynda eina köku.

## HI.ÆÐSLUTÆKI

Passaðu vel uppá rafgeyminn í vetur.



12V 4A

12V 0,8A

**NYTT!**  
12V 7A

### SKORRI

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

TUDOR

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is

## ÍS Í SNEIÐUM

**ÍSLENSK HÖNNUN** Vöruhönnuðirnir Auður Ösp Guðmundsdóttir og Embla Vigfúsdóttir hafa í samstarfi við bændurna á Læk í Flóa hannað alíslenskan ís sem verður kynntur í Brimhúsinu á Miðbakknum á HönnunarMars.



**B**ændurnir Guðbjörg Jónsdóttir og Gauti Gunnarsson á Læk í Flóa höfðu samband við okkur en þau langaði að fara út í frekari rekstur og opna verslun eða kauffhús á bænum. Niðurstaðan varð sunnlensk bænda-verslun þar sem þau koma til með að selja árstíðarbundnar vörur frá bændum á svæðinu. Þau vildu sömuleiðis setja á markað eigin vöru og þar sem um er að ræða mjólkurbændur lá ísinn beint við.

Frá upphafi var lögð rík áhersla á að nota alfarið íslensk íblöndunar- og bragðefni og að rekjanleiki þeirra lægi fyrir. Eins að fá hráefnið sem mest úr næsta nágrenni. „Gauti og Guðbjörg nota eigin nýmjólk og íslenskt mysuprótein og bragðast ísinn eins og alvöru gamaldags rjómaís,“ segir Auður. Hún

og Embla fóru svo á flug með alls kyns bragðtegundir sem tengjast íslenski matarhefð sterkum böndum og má þar nefna fjallagrös, blóðberg, birki, grjóna-graut, kandís, malt og appelsín og ýmislegt fleira. Þrjár bragðtegundir verða svo valdar til framleiðslu.

Þær Auður og Embla hanna umbúðirnar utan um ísinn en hann kemur í sneiðum og mynda átta sneiðar eina köku. Gauti og Guðbjörg lögðu ríka áherslu á að umbúðirnar væru endurvinnanlegar og er því notaður vaxborinn pappír. Grafíkin vísar svo í bláa blómabollastellið frá Royal Copenhagen sem flestir þekkjá. Undir hverri sneið eru sérstakar þakkir til Auðhumlu, Búkollu, Skjöldu, Rúsínu og fleiri kúa á Læk sem lögðu sitt af mörkum við framleiðsluna. Rekjanleikinn er því óumdeilanlegur. ■ ve



#### ÞRÍJAR TEGUNDIR

Þrjár bragðtegundir af ísnum verða framleiddar en þær munu allar tengjast íslenski matarhefð sterkum böndum. Vöruhönnuðurnir Auður og Embla hanna umbúðirnar.



10.000 kr. vöruúttekt fylgir öllum fermingarrúmum



12 mánaða vaxtalausar greiðslur

## Fermingartilboð

### Gerið GÆÐA- og verðsamanburð

### VALHÖLL Ný hönnun

5 svæðaskipt gormakerfi, gæðabólstrun, stál kantstyrkingar

Stærð Verð Tilboð  
120x200 84.900 kr. 79.900 kr.

Verð með íslenskum botni og fótum

## Svefn & heilsa



Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 • Opíð virka daga kl. 10.00 - 18.00 • laugardaga 12.00 - 16.00



**HITA KÚTAR**  
Amerísk gæða framleiðsla  
30-450 lítrar  
Umboðsmenn um land allt  
**RAFVÖRUR**  
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI  
Sími 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

**Rafhitarar**  
í skip, hús og sumarhús  
**Neysluvatnshitarar**  
Hitöld (element), hitastillar, hitastýringar og flest annað til rafhitunar.  
Við erum sérfræðingar í öllu sem við kemur rafhitun.  
**Rafhitun**  
Kaplhrauni 7a • Hafnarfirði  
Sími: 565 3265 • Fax: 565 3260  
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is



**GIBBA GIBB**  
Snagar úr lamba-hornum eftir Huldu Eðvaldsdóttur.

# Börn og umhverfi

Námskeið fyrir ungmenni á 12. aldursári og eldri. Kennsla skiptist á 4 kvöld og fer fram í húsnæði Kópavogsdeildar Hamraborg 11, 2. hæð, kl. 17-20.

Á námskeiðinu er farið í ýmsa þætti sem varða umgengni og framkomu við börn. Rætt er um árangursrik samskipti, aga, umönnun og hollar lífsvenjur, leiki og leikföng. Lögð er áhersla á umfjöllun um slysavarnir og algengar slyshættur í umhverfinu ásamt ítarlegri kennslu í skyndihjálpi. Að auki fá þátttakendur innsýn í sögu og starf Rauða krossins.

Næstu námskeið:	<b>Námskeið I</b>	26. mars - 29. mars
	<b>Námskeið II</b>	23. apríl - 26. apríl
	<b>Námskeið III</b>	7. maí - 10. maí
	<b>Námskeið IV</b>	21. maí - 24. maí

Námskeiðsgjald er kr. 8500.  
Innfalið: Námsgögn og hressing  
**Skráning á [redcross.is/kopavogur](http://redcross.is/kopavogur)**

Leiðbeinendur eru leikskólakennarar og hjúkrunarfræðingar. Þátttakendur fá staðfestingarskírteini að námskeiði loknu.



opið virka daga kl. 9-15 • [kopavogur@redcross.is](mailto:kopavogur@redcross.is) • sími 554 6626

# HANNAÐ Á AUSTFJÖRÐUM

**MAKE BY ÞORPIÐ** er átaksverkefni í atvinnusköpun á sviði vörühönnunar og listiðnaðar á Austurlandi. Verkefnið var sett á laggirnar fyrir tveimur árum og verður starfsemin kynnt nú á HönnunarMars sem fer fram dagana 22. til 25. mars.



**M**eð Þorpinu viljum við beina sjónum að Austurlandi og styrkja innviðina hér á svæðinu svo þeir sem vilja skapa sér atvinnu á sviði hönnunar og listiðnaðar hafi aðgang að þjónustu, bæði til að byggja upp eigin atvinnu og til að sækja sér menntun á þessu sviði," útskýrir Lára Vilbergsdóttir framkvæmdastjóri Þorpsins.

Verkefnið fór af stað með stuðningi Þriggja stofnana á Austurlandi; Þekkingarnets, Þróunarfélags og Menn-ingarráðs Austurlands árið 2009, með það að markmiði að leggja grunn að hönnun sem atvinnugrein á Austurlandi. Áhersla er lögð á nýtingu hráefnis fyrir austan sem og á þekkingu, tækjum og tólum á svæðinu.

„Ætlunin er að byggja upp vöruþróunarverkstæði á fjórum stöðum á Austurlandi sem vinna í ull, trjávið, hreindýraleðri, -hornum og -beinum, og þjónusta hönnuði," útskýrir Lára. „Þegar er komið í gagn við tréverkstæði á Egilsstöðum þar sem hægt er að þróa vöru og fá smíðaða frumgerð. Við höfum einnig verið að prufukeyra fyrstu námskeiðin sem munu leggja grunninn að því námi sem verður í boði í Þorpinu og þá er starfræktur söluvettvangur fyrir vörurnar sem verða til, Hús handanna á Egilsstöðum," útskýrir Lára en áætlað er að Þorpið geti einnig þjónustað hönnuði í að koma vörum á markað erlendis.

Þá mun Þorpið einnig standa að sjálfstæðum verkefnum og fá til þátttöku unga hönnuði en í haust fór fyrsta slíka verkefnið af stað, Norðaustan 10, í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð Íslands. „Það eru ungir hönnuðir, ættaðir héðan af svæðinu sem vinna í hráefni héðan.“

Þó Þorpið sé enn á þróunarstigi er það þátttakandi í Evrópuverkefninu Creative communities sem styrkt er af Leonardo - starfsþjálfunaráætlun Evrópu. Þá er von á tíu nemendum frá Royal College of Art and Design í London í vikunni í verkefnavinnu.



MYND/LÁRA VILBERGSDÓTTIR


„Vöruþróunarverkstæðin munu einnig þjónusta skóla. Þessir nemendur dvelja í viku og vinna með hráefni héðan. Afraksturinn verður sýndur á HönnunarMars en við ætlum að flytja Þorpið til Reykjavíkur og kynna starfsemina á sýningu Félags vöru- og iðnhönnuða í Brimhúsinu á Miðbakkannum," útskýrir Lára. Hún segir mikinn áhuga á verkefninu.

„Við finnum sannarlega fyrir neista. Það er mikilvægt að það verði til suðupottur skapandi hugmynda á Austurlandi sem laðar til sín skapandi fólk.“

Nánar má forvitnast um Þorpið á [www.make.is](http://www.make.is).



**Í HÚSI HANDANNA**  
Lára Vilbergsdóttir framkvæmdastjóri Make by Þorpið segir verkefnið laða skapandi fólk að Austurlandi. Vörurnar sem verða til í Þorpinu eru seldar í Húsi handanna á Egilsstöðum.



skemmtilegri  
**burn notice**  
Þriðjudaga á Stöð 2



# SKRIFSTOFAN

MÁNUDAGUR 12. MARS 2012

Kynningarblað Rekstrarvörur, ritföng, húsgögn og hreyfing á vinnustaðnum.



Sædis Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri fyrirtækisviðs Pennans, og markaðsstjórinn Ingibjörg Ásta Halldórsdóttir segja vel tekið á móti viðskiptavinum.

MYND/ANTON

## Sérkjör og þægileg þjónusta

Í verslunum Pennans geta fyrirtæki keypt allt sem lýtur að daglegu skrifstofuhaldi. Fyrirtækisvið Pennans býður viðskiptavinum sínum sérsniðnar lausnir á sviði skrifstofuhúsgagna, ritfanga og rekstrarvara. Starfsmenn Pennans leggja áherslu á framúrskarandi þjónustu og fyrirhafnarlítill viðskipti.

Markmiðið er fyrst og fremst að fyrirtæki geti keypt allt, eða því næst, á einum stað og eftir því sem hentar best. Við leggjum áherslu á persónulega og vandaða þjónustu og að viðskipti gangi fyrirhafnarlaust fyrir sig," segir Ingibjörg Ásta Halldórsdóttir, markaðsstjóri Pennans.

Í því samhengi nefnir Ingibjörg sérstaklega til sögunnar fyrirtækisvið Pennans sem býður viðskiptavinum sínum upp á sérsniðnar lausnir á sviði ritfanga, rekstrarvara, skrifstofuhúsgagna og fleira. „Vörubreiddin er ótrú-

lega mikil, miklu meiri en samþærileg fyrirtæki á Íslandi bjóða upp á," bendir hún á og bætir við að fyrirtæki í heildarviðskiptum við Pennann njóti að auki ýmissa sérkjara. „Við erum alltaf með tilboð í hverjum mánuði og þeir sem gera pantanir fyrir yfir 15.000 krónur fá sérstakan glaðning."

Þá segir Ingibjörg fyrirtæki geta fengið sérstaka ráðgjöf hjá Pennanum varðandi kaup á ritföngum, rekstrarvörum og/eða skrifstofuhúsgögnum. „Söluráðgjafar á fyrirtækisviði Pennans heimsækja reglulega fyrirtæki sem óska úttekta á stöðu ritfanga

og rekstrarvara. Að sama skapi erum við með starfandi arkitekt á húsgagnasviði, hina útsjónarsömu og hæfileikaríku Dóru Vilhjálmssdóttur, sem getur tekið út vinnurými og komið með tillögur að því hvernig megi leggja dæmið upp. Sú vinna fylgir ókeypis með í kaupum á húsgögnum."

### Glæsilegar verslanir

Ingibjörg bendir á að viðskiptavinum sé að sjálfsgöngu velkomid að sækja ráðgjöf og aðra þjónustu í verslanir Pennans en tvær verslanir á höfuðborgarsvæð-

inu eru starfræktar undir merkjum hans. Önnur leggi áherslu á rekstrarvörur og ritföng og hin bjóði breitt úrval skrifstofuhúsgagna. Auk þessi reki Penninn verslun ritfanga og sýningarsal húsgagna í Hafnarstræti á Akureyri.

„Ritfangaverslun Pennans á höfuðborgarsvæðinu er nú rekin að Hallarmúla 4 þar sem húsgagnaverslunin var áður til húsa. Húsgagnaverslunin og sýningarsalur er hins vegar komin í ný og hentugri húsakynni að Grensásvegi 11. Þar nýtur fjölbreytt og glæsilegt úrval húsgagna sín enn

betur," segir hún og getur þess að í skrifstofuhúsgögnum selji Penninn virt og þekkt vörumerki, bæði innlend og erlend, sem séu valin út frá gæðum.

„Loks má geta þess að Penninn heldur úti öflugri vefverslun þar sem hægt er að skoða fjölbreytt úrvalið, skoða lagerstöðu og panta vörur á fljótlegan máta. Á heimasíðu okkar er jafnframt hægt að nálgast umsókn um reikningsviðskipti," segir Ingibjörg og getur þess að Penninn sendi vörur hvert á land sem er. Vefslóð heimasíðu Pennans er [www.penninn.is](http://www.penninn.is). Sími er 5402000.



**KJÚKLINGAVEFJUR Í NESTISBOXIÐ**

**Afgang af** kjúklingi er upplagt að nota í nesti í vinnuna. Kjúklinginn má setja í gott salat með ávöxtum og hnetum. Það er einnig gaman að breyta til og útbúa vefjur. Hér er uppskrift að slíkum rétti. Uppskrifin miðast við fjóra en hana má minnka eftir þörfum.

2 kjúklingabringur, eldaðar  
1/3 bolli majónes  
1 msk. sweet chili sósa  
1 msk. smátt saxað, ferskt kóríander  
Salatblöð eftir smekk  
1 lítil agúrka, sneidd  
250 g kirsuberjatómatar  
8 mini tortilla kökur

Hrærið saman majónes, sweet chili sósu og kóríander.

Blandið salati, niðurskorinni agúrku og tómötum í skál. Skerið kjúklinginn í þunnar sneiðar og setjið saman við blönduna ásamt majónessósunni. Geymið í ísskáp í vel lokuðu boxi og takið með í vinnuna ásamt tortilla-kökum.

Hitið tortillur í örbylgjuofni eftir leiðbeiningum á umbúðum. Fyllið þær með kjúklingablöndunni og hollur og góður hádegisveður er tilbúinn.



# Stattu upp frá tölvunni á tuttugu mínútna fresti

Þeir sem vinna við tölvu allan daginn þurfa að huga að heilsu sinni. Gauti Grétarsson, sjúkraþjálfari hjá Sjúkraþjálfun Reykjavíkur, segir að langflestir þeirra sem leita til hans séu með líkamleg vandamál vegna kyrrsetu.

Það verður mikið álag á liðþófa-ana í hryggnum sitji fólk allan daginn við vinnu. Við kyrrsetu minnkar vökvamagnid í liðþófunum og líkaminn verður stírdur. Vöðvabólga í öxlum er sömuleiðis afleiðing kyrrsetunnar. Þegar fólk situr lengi í sömu stöðunni er auk þess lítið áreiti fyrir hjarta og blóðrás. Slíkt áreiti er hins vegar mikilvægt,“ segir Gauti þegar hann er spurður um afleiðingar þess að sitja allan daginn við vinnu.



Gauti Grétarsson sjúkraþjálfari segir að flestir sem leita til hans séu með líkamlegar afleiðingar kyrrsetu.

Á sumum vinnustöðum fer fólk ekki frá tölvunni nema í hálf tíma matarhléi. Kaffi er drukkið við tölvuna. Þegar heim er komið er sest fyrir framan sjónvarpið. Ef fólk stundar ekki reglulega lík-



Þegar staðið er upp eftir langa setu er nauðsynlegt að halla sér aðeins fram, segir Gauti. MYND/ANTON

amsrækt utan vinnunnar stírdnar líkaminn fljótt með tilheyrandi verkjum.

„Starf sjúkraþjálfarans er að losa og liðka stífleika í baki og koma blóðrásinni í gang. Ef fólk situr við vinnu í 8-10 tíma á dag

getur tekið langan tíma að losa það við afleiðingarnar.“

## Einbeitingin vex

Gauti segir mikilvægt að standa upp frá tölvunni á tuttugu mínútna fresti. „Það er gott að labba

aðeins fram og til baka. Hafa þarf í huga að þegar maður situr er þyngdarpunkturinn aftarlega og þegar staðið er upp er hætta á að hann sé þar enn. Þess vegna er nauðsynlegt að halla sér örlítið fram þegar staðið er upp.“

Þegar Gauti er spurður hvort það taki ekki tíma frá vinnunni að standa upp á tuttugu mínútna fresti segir hann svo ekki vera. „Þetta er hreyfing í stuttan tíma sem um leið eykur einbeitingu í starfi. Það er sömuleiðis mjög gott að fara í tíu mínútna göngutúr utandyra í matar- og kaffihléum. Talað er um að hálf tíma hreyfing á dag sé öllum nauðsynleg þótt ákjósanlegt sé að hreyfa sig enn meira,“ segir Gauti.

Stundum er sagt að reykingafólk á vinnustöðum fái mestu hreyfinguna með stöðugum pásam sínum yfir daginn. „Staðreyndin er sú að kyrrseta er jafnslæm reykingum. Þeir sem reykja og hreyfa sig ekkert eru því í mikilli hættu.“

## Skrifstofuhúsgögn!



Afköst þín og hversu vel þér gengur í vinnunni stjórnast að miklu leyti af góðri vinnuaðstöðu og líkamlegri vellíðan.

**InnX innréttingar** bjóða þér að sitja og standa eins og þú vilt.

Það er alls ekki sama, skrifborð og skrifborð frá **InnX innréttingum**.

**Veldu það besta fyrir þig.**

**Það kostar minna en þú heldur.**



Fosshálsi 1 • 110 Reykjavík • Sími 577 1170  
Fax 577 1172 • www.innx.is • innx@innx.is



InnX innréttingar bjóða upp á fjölbreytt úrval af skrifstofuhúsgögnum.



Halldór Gunnarsson, sölustjóri skrifstofuhúsgagnadeildar, við stillanlegt skrifborð sem er fast við hljóðeinangrandi vegg. MYND/ANTON

## InnX innréttingar í nýju húsnæði

InnX innréttingar ehf. er metnaðarfullt og framsækið fyrirtæki á innréttinga-, húsgagna- og skrifstofuhúsgagnamarkaði. Fyrirtækið flutti í janúar í nýtt eigið húsnæði að Fosshálsi 1.

Nú erum við komin á okkar framtíðarstað,“ segir Halldór Gunnarsson sölustjóri skrifstofuhúsgagnadeildar InnX innréttinga ánægður með nýtt húsnæði fyrirtækisins að Fosshálsi 1. Verslunin flutti í janúar síðastliðnum en hafði áður verið til húsa að Fákafeni 11. „Hér eru allar söludeildir og skrifstofur undir sama þaki, sýningarsalurinn er bjartur og góður og aðgengi að húsinu er mjög gott fyrir viðskiptavinum,“ lýsir hann.

Skrifstofuhúsgagnadeild InnX innréttinga er öflug. „Við bjóðum upp á allt til að skapa fallett vinnuumhverfi, allt frá skrifborðum til innréttinga á kaffistofuna,“ upplýsir Halldór en InnX innréttingar bjóða upp á breiða línu í

skrifstofuhúsgögnum. „Við bjóðum til dæmis upp á mikið úrval af rafmagnsstillanlegum borðum og bjóðum upp á nýjung núna sem eru stillanleg borð sem eru föst við hljóðeinangrandi vegg,“ segir Halldór. Hann nefnir einnig að hjá InnX innréttingum sé mikið úrval skrifstofustóla. „Við höfum meðal annars nýlega tekið við umbodi á stólum frá þýska merkinu Interstuhl sem er eitt af leiðandi hönnunar- og framleiðslufyrirtækjum í Evrópu á stólum og fundarhúsgögnum. Þetta eru hágæðavörur á samkeppnishæfu verði.“

Halldór segir vinnuveitendur í dag meðvitaða um að skapa starfsfólki sínu gott vinnuumhverfi. „Þeir versla húsgögn sem bjóða upp á sveigjanleika, bæði

stillanleg borð og góða stóla, enda er mikilvægt að fólk líði vel í vinnunni,“ ítrekar hann.

Starfsmenn InnX innréttinga búa yfir góðri reynslu og veita viðskiptavinum ráðgjöf við val á skrifstofuhúsgögnum. „Við förum yfir þarfir viðskiptavinarins og erum með teikniforrit þar sem við getum teiknað okkar einingar inn í rýmið,“ upplýsir Halldór.

Deildir InnX innréttinga eru nokkrar. Fyrir utan skrifstofuhúsgagnadeild má nefna innréttingadeild með eldhús- og baðinnréttingum og fataskápum auk þess sem BoConcept er hluti af fyrirtækinu.

Nánari upplýsingar um InnX innréttingar má finna á www.innx.is.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000

Umsjónarmenn auglýsinga: Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is s. 512 5462 og Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is s. 512 5447.

Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.



Bogi Pétursson  
lögg. fasteignasali



Finnbogi Hilmarsson  
lögg. fasteignasali



Andri Sigurðsson  
sölufulltrúi og lögg. leigumíðlari



Gústaf Adolf Björnsson  
lögg. fasteignasali



Anna Svala Árnadóttir  
sölufulltrúi



Ruth Einarsdóttir  
sölufulltrúi



Ásdís Irena Sigurðardóttir  
skjalagerð



Finndu okkur á Facebook

530 6500

Suðurlandsbraut 22 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is

530 6500

## FASTEIGNASALAN BÆR

www.fasteignasalan.is

Opið hús - Dunhaga 17, 4. hæð  
miðvikudaginn 14. mars kl. 17:00 - 17:30.



Rúnar Gíslason  
Lögg. fasteignasali



Rúmgóð 3ja - 4ra herbergja íbúð  
Frábær staðsetning í vesturbænum, nálægt Háskólanum, Hagaskóla og Háskólabíói. Mikil sala - Vantar eignir á skrá 108 fm. kr. 26.500.000.-



Auður Kristinsdóttir  
Sölufulltrúi

Sími 824 7772

audur@fasteignasalan.is Auður Kristinsdóttir

## Hvort er hagstæðara að kaupa eða leigja?

Fasteignasalan Húsin í borginni hefur til sölu nýjar íbúðir í Boðarþingi. Boðið er upp á fjármögnun sem auðveldar fólki kaupin.

Er hagstæðara að kaupa en að leigja er sú spurning sem margir velja fyrir sér í dag þar sem ekkert lát virðist vera á hækkunum á leiguverði auk þess sem lítið framboð er á leiguhúsnæði. Margir eiga erfitt með að leggja út 20% í íbúðarkaupum og hefur fasteignasalan Húsin í borginni ákveðið að koma til móts við þennan hóp með því að bjóða 10% viðbótarlán sem kæmi á eftir lánunum frá fjármálastofnunum. Viðbótarlánið sem er í boði er 10% af kaupvirði eignar og er óverðtryggt með 5% vöxtum til 20 ára og til að létta undir með kaupendum fyrstu árin þá er lánið vaxtalaust fyrstu 3 árin.

Tökum dæmi ef keypt er 4 herbergja, 146 m<sup>2</sup> íbúð og tekið er 80% óverðtryggt lán hjá fjármálastofnun og 10% hjá verkataka þá er afborgun á mánuði ca. 177.000 kr á mánuði. Sambærileg íbúð á leigumarkaði er að leigjast á 175 – 190 þúsund á mánuði en tekið skal fram að hér er verið að kaupa nýja eign.

Kosturinn við að kaupa er að lánið lækkar hver mánaðarmót og eignarmyndun myndast án þess að til hækunar á fasteign þurfi að koma til þar sem lánin eru óverðtryggt.



Vandaðar innréttingar eru í íbúðunum við Boðarþing 2-4.

Húsin í borginni hefur til sölu íbúðir í fjölbýlishúsi við Boðarþing 2 - 4 í Þingahverfi í Kópavogi. Húsið er fimm hæða lyftuhús sem skiptist í tvo stigaganga, hvor um sig með 14 íbúðum. Í kjallara hússins er sameiginleg bílageymsla með bílastæðum fyrir 32 bifreiðar. Eitt bílastæði fylgir hverri íbúð en tvö stæði fylgja „penthouse“ íbúðum.

